

A black and white photograph of a hand gripping the handle of a metal shopping cart. The background is a blurred grocery store aisle. A solid blue horizontal band is overlaid across the middle of the image, containing white text.

Í AÐDRAGANDA KJARASAMNINGA

EFNAHAGSUMHVERFI OG LAUNAPRÓUN

Fororð

Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga

Með samkomulagi 11. júní 2013 stofnuðu stærstu aðilar á vinnumarkaði Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. Að nefndinni standa fern heildarsamtök launafólks, þ.e. ASÍ, BSRB, BHM og KÍ og vinnuveitendamegin SA, Samband ísl. sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. fylgiskjal 1.

Í kjölfar kjarasamninga 2011 óskaði BSRB með bréfi 29. maí 2011 eftir því við stjórnvöld að sameiginlega yrði unnið að umbótum á samningagerðinni. Var þeirri ósk mætt af skilningi og fól velferðarráðherra ríkissáttasemjara að leiða málið áfram. Í samkomulagi ASÍ og SA vegna endurskoðunar og framlengingar kjarasamninga 21. janúar 2013 er kveðið á um bætt vinnubrögð við undirbúning kjarasamninga og aukna skilvirkni við gerð þeirra. Í samkomulaginu segir að aðilar móti sameiginlega sýn á svigrúm atvinnulífsins og samfélagsins til launahækkana og aukins kaupmáttar á næstu árum. Fleiri þátttakendur á vinnumarkaði hafa hvatt til breyttra vinnubragða.

Á árinu 2012 var efnt til fundarhalda og ráðstefna um umbætur á starfinu. Farið var yfir kosti og galla núverandi tilhögunar við kjarasamningagerðina. Bent var á að agi og festa hafi löngum einkennt gerð kjarasamninga annars staðar á Norðurlöndum. Þar felst undirbúningur samninga m.a. í sameiginlegri sýn viðsemjenda á efnahagsmál og á þróun launa og þær launabreytingar sem samrýmast stöðugleika í efnahagsmálum. Leitað var í smiðju systursamtaka á Norðurlöndunum fjórum og niðurstaðan kynnt í sérstakri skýrslu "Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum" og kom út í maí 2013. Að ráði varð að taka skref í átt til þeirrar tilhögunar sem gildir á Norðurlöndunum þó aðstæður sé í ýmsu frábrugðnar. Ákveðið var að formfesta samstarfið og hrinda af stað tiltekinni undirbúningsvinnu fyrir komandi kjarasamninga.

Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga stofnaði tvo vinnuhópa; annan um launaupplýsingar, hinn um efnahagsforsendur þeirra kjarasamninga sem í hönd fara. Verkefni hópanna kemur fram í starfslýsingum þeirra sbr. fylgiskjal 2. Samstarfsnefndin ákvað að gefa álit vinnuhópanna út í riti sem hér fylgir.

Leitað var samstarfs við Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands, fjármálaráðherra og fleiri aðila um upplýsingar og úrvinnslu. Eiga þessir aðilar þakkir skyldar fyrir veitta aðstoð.

Eftirtaldir einstaklingar tilnefndir af hlutaðeigandi samtökum hafa unnið tvær greinargerðir; Oddur S. Jakobsson, hagfræðingur KÍ, sem jafnframt leiddi vinnuhóp um launaupplýsingar, Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, sem leiddi hóp um efnahagsforsendur kjarasamninga, Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB, Kristinn Bjarnason, hagfræðingur BSRB, Georg Brynjarsson, hagfræðingur BHM, Stefanía S. Bjarnadóttir, viðskiptafræðingur fjármála- og efnahagsráðuneyti, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, Benedikt Valsson, hagfræðingur, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Anna Borgþórsdóttir Olsen, hagfræðingur, fjármála- og efnahagsráðuneyti. Sigurður Snævarr, hagfræðingur var ráðinn sérstaklega til að afla gagna, vinna úr þeim og skrifa greinargerðir. Þessum fólki ber að þakka fyrir gott starf undir þröngum tímaskorðum.

Reykjavík, 11. október 2013

Elín Björg Jónsdóttir,
form. BSRB

Gunnar Björnsson,
form. SNR, fjármála- og
efnahagsráðuneyti

Guðlaug Kristjánsdóttir,
form. BHM

Gylfi Arnbjörnsson,
forseti ASÍ

Inga Rún Ólafsdóttir,
form. samninganefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Þórður Hjaltested,
form. KÍ

Þorsteinn Víglundsson,
framkvæmdastjóri SA

Meginefni

Fororð

I. Launaþróun 2006-2013	7
II. Efnahagsumhverfi kjarasamninga	63
Fylgiskjöl	123
a. Samkomulag um stofnun samstarfsnefnda um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga	125
b. Starfslýsing vinnuhóps (1) um tölfærðíurvinnslu launaupplýsinga	126
c. Starfslýsing vinnuhóps (2) um efnahagsforsendur kjarasamninga.....	128

I. hluti

Launapróun 2006-2013

Efnisyfirlit I. hluta

1. Inngangur.....	11
2. Þróun launa og launadreifing	13
2.1 Mánaðarleg launavísitala.....	13
2.2 Vísitala launa – Starfsmenn á almennum vinnumarkaði og opinberir starfsmenn	14
2.3 Fern heildarsamtök launafólks og þrenn samtök vinnuveitenda	16
2.3.1 Launarannsóknir Hagstofu Íslands og skilgreining launahugtaka	17
2.3.2 Launaþróun 2006 – 2013	18
2.3.3 Launadreifing í maí 2013	25
2.3.4 Dreifing launa 2008, 2010, 2012 og 2013	28
2.3.5 Sundurliðaðar breytingar milli ára	29
2.4 Launaþróun karla og kvenna	32
3. Verðbólga og kaupmáttarþróun	35
3.1 Vísitala neysluverðs.....	35
3.2 Kaupmáttarbreytingar.....	36
3.2.1 Kaupmáttarbreyting - Mánaðarleg launavísitala	36
3.2.2 Kaupmáttarbreyting – Starfsmenn á almennum vinnumarkaði og opinberir	37
3.2.3 Kaupmáttarbreyting - Fern heildarsamtök launafólks, þrír meginviðsemjendur.....	39
4. Viðauki	45
4.1 Yfirlit yfir samningsbundnar launahækkningar 2007-2013.....	45
4.2 Launabreytingar á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugreinum og starfsstéttum	50
4.3 Launabreytingar á opinberum vinnumarkaði eftir viðfangsefni og stjórnsýslustigi.	53
4.4 Dreifing launa í maí 2013 eftir heildarsamtökum og viðsemjendum	53
4.5 Dreifing launabreytinga frá nóvember 2011 til nóvember 2012 eftir heildarsamtökum og viðsemjendum.....	58



1. Inngangur

Í þessum hluta er gerð grein fyrir launaþróun frá árinu 2006. Upphafsaárið ræðst af því að samræmd gögn Hagstofu Íslands fyrir almenna og opinbera vinnumarkaðinn ná aftur til þess árs. Sínd er þróun reglulegra launa fullvinnandi fólks, 18 ára og eldra, eftir heildarsamtökum og samningssviðum. Miðað er við breytingar á launum milli nóvembermánaða hvers árs og að auki frá nóvember 2012 til nýjustu talna Hagstofu sem taka til launa í maí 2013. Í sérstökum kafla er rakin launabreyting karla og kvenna eftir heildarsamtökum og samningssviðum.

Á umræddu tímabili hafa verið þrjár meginlotur í samningum og er þá stöðugleikasáttmálinn í júní 2009 ekki meðtalinn.

- **Almennur vinnumarkaður**
 - ASÍ
 - mars 2004 - 31. desember 2007
 - febrúar 2008 - 30. nóvember 2010¹
 - júlí 2009 - 30. nóvember 2010 (stöðugleikasáttmálinn)
 - maí 2011 – 30. nóvember 2013²
- **Ríkið**
 - ASÍ
 - mars 2004 – 31. mars 2008
 - maí 2008 – 30. nóvember 2010
 - maí 2011 – 30. janúar 2014
 - BHM
 - febrúar 2005 - 30 .apríl 2008
 - júní 2008 - 31. mars 2009
 - júní 2011 - 31. janúar 2014
 - BSRB
 - febrúar 2005 - 30. apríl 2008
 - maí 2008 - 31. mars 2009
 - júlí 2009 – 30. nóvember 2010 (stöðugleikasáttmálinn)
 - maí 2011 – 31. janúar 2014
 - KÍ

1 Í samningunum voru ákvæði um að í febrúar 2009 skyldu samningsforsendur metnar. Stæðust þær ekki að mati samningsaðila skyldu þeir leitast við að ná samkomulagi um viðbrögð til að stuðla að framgangi samningsins og treysta forsendur hans. Þann 25. febrúar kvað forsendunefnd upp úr um að forsendur hefðu ekki staðist. Á grundvelli stöðugleikasáttmála sem stjórnvöld áttu aðild að var ákvæðið að framlengja samninginn til loka nóvember, en þó með verulegum breytingum og frestunum á launahækkunum.

2 Skv. samningum sem gerðir voru í maí 2011 skyldi gildistími þeirra vera til janúarloka 2014. Við endurskoðun samninganna var gert samkomulag milli aðila um að stytta samningstímann til 30. nóvember 2013.

-
- febrúar 2005 - 30 .apríl 2008
 - júní 2008 - 31. mars 2009
 - júlí 2009 – 30. nóvember 2010 (stöðugleikasáttmálinn)
 - maí 2011 - 31. janúar 2014
 - **Sveitarfélög³**
 - **ASÍ**
 - maí 2005 – 30. nóvember 2008
 - desember 2008 – 30. nóvember 2010
 - maí/júní 2011 – 30. apríl 2014
 - **BHM**
 - apríl 2006-30. nóvember 2008
 - desember 2008-31. ágúst 2009
 - maí 2011-31. janúar 2014
 - **BSRB**
 - maí 2005 - 30. nóvember 2008
 - desember 2008 – 30. nóvember 2010
 - maí 2011 – 30. júlí 2014
 - **KÍ**
 - ágúst 2005-31. desember 2007 (grunnskóli)
 - október 2006-30. nóvember 2008 (leik- og tónlistarskóli)
 - júní 2008- 31. maí 2009 (grunnskóli)
 - desember 2008-31. ágúst 2009 (leik- og tónlistarskóli)
 - maí/júní 2011-janúar/febrúar/apríl 2014)


³ Reykjavíkurborg semur sér við stéttarfélög starfsmanna borgarinnar nema aðildarfélög KÍ og Landssamband sjúkra- og slökkviliðsmanna.

2. Þróun launa og launadreifing

2.1 Mánaðarleg launavísitala

Hagstofa Íslands birtir mánaðarlega launavísitölu sem tekur til alls vinnumarkaðarins, að sjómönnum undanskildum. Vísitalan er byggð á öllu launasafni Hagstofunnar og tekur þannig til stéttarféлага sem eru utan heildarsamtaka (t.d. hjúkrunarfræðinga og bankamanna) og hópa sem eru utan stéttarféлага. Starfsmenn á almennum vinnumarkaði vege 70% í vísitölunni og starfsmenn ríkis og sveitarféлага 30% og hafa þessi hlutföll verið óbreytt undanfarin ár. Vísitalan er byggð á pöruðum samanburði, þ.e. samanburði á launum sömu einstaklinga í sömu störfum hjá sömu fyrirtækjum milli tveggja samliggjandi mánaða. Launavísitalan tekur bæði til fullvinnandi og hlutastarfsfólks. Að þessu leyti er vísitalan skilgreind með öðrum hætti en þær upplýsingar um þróun launa fólks sem á aðild að heildarsamtökum launafólks sem um er fjallað í þessari greinargerð. Launavísitalan endurspeglar almenna launaþróun í landinu en þær vísitölur sem hér er fjallað um lýsa launaþróun starfsmanna í stéttarfélögum sem aðild eiga að heildarsamtökum launafólks, þ.e. ASÍ, BSRB, BHM og KÍ.

Mynd 1. Launavísitala og ársbreytingar hennar.



- Maí 2013

Á sex og hálfu ári, frá 2006 til maí 2013, hefur launavísitalan hækkað um tæp 52%, sem að meðaltali nemur 6,7% á ári eða 0,5% á mánuði. Frá nóvember 2010 til jafnlengdar 2011 hækkaði launavísitalan um 9%. Á því tímabili var ein almenn samningsbundin hlutfallshækkun launa, þ.e. 4,25% hækkun í júní 2011. Almenn

lágmarks hlutfallshækkun kjarasamninga skýrir þannig aðeins tæpan helming vísitöluhækkunarinnar. Hækkunin á hálfu ári, frá nóvember 2012 til maí 2013, nemur 4,3%, sem að mestu má rekja til almennrar hlutfallshækkunar launa um 3,25% í febrúar 2013 skv. velflestum kjarasamningum.

2.2 Vísitala launa – Starfsmenn á almennum vinnumarkaði og opinberir starfsmenn


Ársfjórðungslega birtir Hagstofa sundurliðun á launavísitölu milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Opinberum starfsmönnum er einnig skipt milli ríkis og sveitarfélaga. Skipting á milli starfsmanna ríkis og sveitarfélaga í launavísitölunni er byggð á heildarlaunum hvors hóps um sig árið áður. Skiptingin er sýnd í töflu 1.

Tafla 1. Skipting opinberra starfsmanna milli ríkis og sveitarfélaga í launavísitölu Hagstofu

	Hlutfall ríkisstarfsmanna	Hlutfall starfsmanna sveitarfélaga
2006	59,90%	40,10%
2007	59,90%	40,10%
2008	59,90%	40,10%
2009	59,90%	40,10%
2010	60,10%	39,90%
2011	56,90%	43,10%
2011	55,70%	44,30%
2012	54,20%	45,80%
2013	53,40%	46,60%

Verkefni hafa verið færð frá ríki til sveitarfélaga á undanförunum árum. Ber þar hæst yfirfærsla málefna fatlaðra árið 2011, og má rekja aukið vægi starfsmanna sveitarfélaga í launavísitölunni til þessa.

Mynd 2. Launaþróun á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum.




- 2. ársfjórðungur 2013

Á öllu tímabilinu 2006-2013 hefur launaþróun hjá ríki og sveitarfélögum verið jöfn, en laun á almennum markaði hækkað nokkrum meira en hjá hinu opinbera. Þannig hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 3,8% umfram laun hjá ríkinu og um 4,3% umfram laun hjá sveitarfélögum. Ef litið er til áranna 2006 til 2009 hækkuðu laun á almenna markaðnum minna en á hinum opinbera en frá 2009 til 2013 hækkuðu laun til muna meira á almenna markaðnum.

Samanburður af þessu tagi þar sem gengið er út frá stöðunni í ákveðnum tímamarki, hér 2006, getur verið misvísandi og taka þarf tillit til þess hver staðan var á grunnpunktinum, m.a. er varðar þróunina árin á undan og stöðu kjarasamninga á þessum vinnumörkuðum. Hagstofan hefur safnað gögnum um launaþróun á almennum markaði og hjá hinu opinbera um langt skeið og birtir á heimasíðu sinni tölur allt til ársins 1990. Hafa verður þó í huga að miklar breytingar hafa orðið í söfnun og úrvinnslu gagna undanfarna áratugi og óvarlegt að skeyta eldri tölum við hinar nýju án fyrirvara. Sem dæmi má nefna að bankamenn flokkuðust með opinberum starfsmönnum fram til ársins 2006.

Mynd 3. Breyting launa frá fyrra ári á almennum markaði og hjá ríki og sveitarfélögum



- 2. ársfjórðungur 2013

Laun á opinberum vinnumarkaði hækkuðu meira en á almennum markaði árið 2008 og enn frekar á árinu 2009. Þessi þróun snerist við árin 2010 og 2011, m.a. vegna væntinga um aukin umsvif í efnahagslífinu sem kjarasamningar 2011 byggðu á og aukins aðhalds í opinberum rekstri.

2.3 Fern heildarsamtök launafólks og þrenn samtök vinnuveitenda

Í þessum kafla er farið yfir launaþróun árin 2006-2013 hjá félagsmönnum í stéttarfélögum sem tilheyra fernum heildarsamtökum á vinnumarkaði; Alþýðusambandi Íslands (ASÍ), Bandalagi háskólamanna (BHM), Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) og Kennarasambandi Íslands (KÍ). Árið 2012 var vægi ASÍ 62,3% af heildinni, BSRB 15,7%, BHM 12,3% og KÍ 9,3%. Mikil breyting hefur orðið á vægi heildarsamtakanna undanfarin fimm ár þar sem hlutur ASÍ hefur minnkað um 7%, en vægi hinna aukist. Mesta aukningin hefur verið hjá BHM, um rúm 4%, þá hjá KÍ, rúm 2% og síðan BSRB, tæpt 1%.

Tafla 2. Hlutfallslegt vægi heildarsamtaka miðað við heildarlaun fullvinnandi félaga

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ
2008	69,8%	8,1%	14,9%	7,2%
2010	64,8%	10,6%	16,1%	8,4%
2012	65,0%	11,4%	14,7%	8,9%
2013	62,7%	12,3%	15,7%	9,3%

Þá er launapróun í heildarsamtökunum greind eftir meginviðsemjendum eftir því sem við á, þ.e. á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum. Hvað snertir almenna vinnumarkaðinn er aðeins sýnd launapróun innan ASÍ en gagnasafn Hagstofu er rýrt hvað varðar félagsmenn BHM sem starfa á almennum vinnumarkaði og félagsmenn stéttarfélaga í BSRB og KÍ starfa nær eingöngu á opinbera vinnumarkaðinum.

2.3.1 Launarannsóknir Hagstofu Íslands og skilgreining launahugtaka

Gagnasafnið sem niðurstöður byggja á er fengið úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Niðurstöður á almennum vinnumarkaði byggja á úrtaki fyrirtækja í iðnaði, samgöngum og flutningum, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu og fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum. Niðurstöður fyrir opinbera starfsmenn byggja á heildarsafni frá ríki og úrtaki sveitarfélaga. Eingöngu er byggt á launum fullvinnandi félagsmanna í stéttarfélögum innan ASÍ, BSRB, BHM og KÍ sem hafa náð 18 ára aldri.

Niðurstöður byggja á gögnum um laun rúmlega 25 þúsund fullvinnandi launamanna. Í gagnasafninu voru árið 2013 rúmlega 11 þúsund félagsmenn stéttarfélaga innan ASÍ, rúmlega 4.500 innan KÍ, um 4.000 innan BHM og rúmlega 6.000 innan BSRB.

Skilgreiningar hugtaka í launarannsóknnum Hagstofu Íslands

Fullvinnandi er sá sem fær greidd laun fyrir vinnustundir (þ.e. fyrir dagvinnu, vaktavinnu, og yfirvinnu) sem eru a.m.k. 90% af mánaðarlegri dagvinnuskylda. Einstaklingur sem ekki nær 90% lágmarkinu telst vera í hlutastarfi. Dagvinnuskylda er mismunandi eftir kjarasamningum, til dæmis er dagvinnuskylda verkafólks oftast 173,3 klukkustundir á mánuði en skrifstofufólks 162,5 klukkustundir.

Regluleg laun eru greidd laun fyrir umsaminn vinnutíma, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru umreiknuð í fullt starf ef greiddar stundir í dagvinnu eða vaktavinnu eru lægri en dagvinnuskylda. Meðtaldar í þessum launum eru hvers konar álags-, bónus- og kostnaðargreiðslur án tilfallandi yfirvinnu sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili. Við útreikninga er ekki tekið tillit til uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna né annarra óreglulegra greiðslna.

Reglulegt tímakaup eru regluleg laun á hverja greidda klukkustund.

Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum tilfallandi yfirvinnulaunum, veikindalaunum og fyrirframgreiðslu vegna uppmælinga. Ekki er tekið tillit til uppgjörs vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

2.3.2 Launaþróun 2006 – 2013

Í töflu 1 er launaþróun eftir heildarsamtökunum greind eftir viðsemjendum og launavísitala Hagstofunnar sýnd til samanburðar. Launavísitalan fellur mjög saman við launaþróun launafólks innan raða ASÍ á almennum vinnumarkaði, enda vegur þessi hópur þungt í vísitölunni, eða um 70%.

Taflan sýnir einnig að ríkisstarfsmenn í stéttarfélögum innan ASÍ hafa hækkað mest í launum á þessu tímabili, en framhaldsskólakennarar minnst, og munar þar um 8,5%.

Tafla 3. *Vísitala reglulegra launa í fernum heildarsamtökum og þremur samningssviðum í nóvember 2006 til maí 2013 og launavísitala Hagstofunnar til samanburðar*

	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ		Launa- vísitala
	Sveit	Ríki	Alm.	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Alls
2006	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
2007	105,3	105,6	109,5	109,2	108,7	105,0	108,0	104,0	107,2	108,3
2008	109,4	124,6	116,8	116,2	123,3	110,8	122,6	124,2	123,0	116,7
2009	128,2	127,2	121,5	124,1	124,3	123,8	123,8	129,3	123,5	121,4
2010	131,6	134,5	127,9	126,2	127,0	125,8	130,1	130,8	124,7	127,0
2011	140,4	141,8	137,3	135,4	135,8	133,6	138,1	138,3	134,0	138,5
2012	147,4	149,5	145,2	143,2	143,7	140,2	144,6	144,6	140,2	145,4
2013*	154,5	158,6	151,7	149,7	150,0	146,6	151,5	150,6	145,2	151,7

- Maí 2013


Hér á eftir er gerð stuttlega grein fyrir þróuninni innan einstakra heildarsamtaka.

Launaþróun félagsmanna stéttarfélaganna innan ASÍ

Af einstökum heildarsamtökum og samningssviðum hafa laun félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ sem starfa hjá ríkinu hækkað mest á öllu tímabilinu. Laun þessa hóps voru 58,6% hærrí í maí 2013 en í nóvember 2006. Stærsta skýringin er sú að laun þessa hóps hækkuðu um 18% milli 2007 og 2008. Samkvæmt kjarasamningum ASÍ og ríkisins hækkuðu launataxtar um 20.300 kr. í maí 2008. Kjarasamningar milli stéttarfélaganna innan ASÍ og sveitarfélaganna voru gerðir síðar og komu krónutöluhækkunir þ.a.l. síðar til framkvæmda. Mestu munaði um 20.300 kr. hækkun á launatöflu í desember 2008. Skýrist munurinn á launaþróun félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ hjá hinu opinbera árin 2008 og 2009 af mismunandi tímasetningu krónutöluhækkana. Þessar hækkunir voru það miklar að þótt laun félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ á almenna vinnumarkaðnum hafi hækkað meira næstu árin var launahækkun hjá hinu opinbera nokkru meiri yfir allt tímabilið sem hér er fjallað um.


Í viðauka koma fram tölur um launaþróun í nokkrum atvinnugreinum; iðnaði, byggingastarfsemi, verslun og þjónustu, samgöngum og flutningum. Þar kemur fram að í öllum þessum atvinnugreinum, nema í samgöngum og flutningum, hafa laun verkafólks hækkað meira en annarra starfsstétta á tímabilinu 2006 til maí 2013. Í samgöngum og flutningum hækkuðu laun skrifstofufólks ívið meira en verkafólks.

Mynd 4. Vísitala reglulegra launa félagsmanna aðildarfélaga ASÍ



- Maí 2013

Mynd 5. Breyting reglulegra launa félagsmanna aðildarfélaga ASÍ frá fyrra ári, %




- Maí 2013

Launaþróun félagsmanna stéttarféлага innan BHM


Lítill munur var á launaþróun félagsmanna aðildarféлага BHM eftir stjórnsýslustigi eins og mynd 6 sýnir þar sem launin hækkuðu um 50% á báðum stigum. Hækkunarir hafa verið nánast hinar sömu allt tímabilið og felast einu frávikin í tímasetningum á kjarasamningsbundnum hækkunum árin 2008 og 2009.

Mynd 6. Vísitala reglulegra launa félagsmanna aðildarféлага BHM



- Maí 2013

Mynd 7. Breyting reglulegra launa félagsmanna aðildarfélaga BHM frá fyrra ári, %




- Maí 2013

Launþróun félagsmanna stéttarféлага innan BSRB


Frá nóvember 2006 til maí 2013 hækkuðu laun félagsmanna stéttarféлага innan BSRB um 46,6% hjá sveitarfélögum og heldur meira hjá ríkinu eða um 51,5%. Eins og myndir 8 og 9 sýna má rekja stóran hluta hækkana til árunna 2008 og 2009. Fyrri árið hækkuðu laun félagsmanna aðildarfélaga BSRB hjá ríki meira (13,6%) og má rekja það til þess að 20.300 kr. hækkun launa kom til framkvæmda í maí, en samsvarandi hækkun hjá sveitarfélögum í desember sem skýrir mikla hækkun (11,7%) milli 2008 og 2009 hjá þeim.

Mynd 8. Vísitala reglulegra launa félagsmanna aðildarfélaga BSRB



- Maí 2013

Mynd 9. Breyting reglulegra launa félagsmanna aðildarfélaga BSRB frá fyrra ári, %




- Maí 2013

Launaþróun félagsmanna stéttarfélaga innan KÍ

Mynd 10 sýnir uppsafnaða hækkun félaga í KÍ í grunn-, leik- og tónlistarskólum (sveitarfélög) annars vegar og framhaldsskólum (ríki) hins vegar. Laun félagsmanna aðildarfélaga KÍ hjá sveitarfélögum hækkuðu heldur meira en hjá ríkinu, eða um 50,6% samanborið við 45,2%.


Mynd 10. Vísitala reglulegra launa félagsmanna aðildarfélaga KÍ



- Maí 2013

Kjarasamningar í grunn- og framhaldsskólum voru framlengdir í júní 2008 og hækkuð laun á þeim skólastigum verulega á árinu 2008, að hluta til með krónutöluhækkunum. Hækkunina 2009 hjá sveitarfélögum má rekja til kjarasamninga í leik- og tónlistarskólum í desember 2008 þar sem samið var um 20.300 kr. hækkun launataxta.

Mynd 11. Breyting reglulegra launa félagsmanna aðildarféлага KÍ frá fyrra ári, %



- Maí 2013

2.3.3 Launadreifing í maí 2013

Í næstu töflum er sýnd dreifing reglulegra launa og reglulegra heildarlauna í maí sl. Greiningin er gerð þannig að launafólki er raðað í vaxandi röð eftir fjárhæð launa. Síðan er hópnum skipt í jafna hópa, annað hvort í 10 jafna hópa og fást þá tíundir eða í 4 hópa og fást þá fjórðungar. Í fyrstu línunni í töflunum eru meðallaun eftir heildarsamtökum og samningssviði. Þar fyrir neðan er 10% línan, en 10% launafólksins er með lægri laun en þær fjárhæðir sem þar standa. Með sama hætti sýna neðri fjórðungsmörk, 75% og 90% mörkin hversu hátt hlutfall launafólks er undir þeim fjárhæðum sem standa í línunni. Helmingur hópsins er með lægri laun en miðgildi og helmingur með hærri. Í launadreifingum er meðaltal jafnan herra en miðgildi, eins og sjá má í töflunni, og neðsta línan, hlutfall undir meðaltali, gefur til kynna hversu launadreifingin er jöfn eða ójöfn. Háar hlutfalltölur bera merki um litla launadreifingu.

Tafla 4. Dreifing reglulegra launa, þús.kr. á mánuði, í maí 2013.

	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ		Öll samb.	
	Sveit	Ríki	Alm.	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Sv.fél	Ríki
Meðaltal	254	295	366	451	471	317	346	382	397	345	397
10%	222	232	238	338	355	234	264	314	345	234	275
25% *	229	248	264	364	406	247	290	343	367	267	319
50% **	240	271	332	424	456	296	330	370	393	342	386
75% ***	262	310	416	487	520	354	388	391	417	381	455
90%	313	367	529	617	614	433	456	459	449	451	526
Hlutfall undir meðaltali,%	70%	69%	61%	64%	57%	61%	59%	72%	56%	52%	55%

* neðri fjórðungsmörk

** miðgildi

*** efri fjórðungsmörk

Tafla 5. Dreifing reglulegra heildarlauna, þús.kr. á mánuði, í maí 2013

	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ		Öll samb.	
	Sv.fél.	Ríki	Alm.	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél	Ríki
Meðaltal	277	345	425	491	538	355	415	412	494	377	469
10%	226	244	264	342	379	234	277	329	377	239	292
25% *	237	271	316	393	442	259	315	361	416	292	358
50% **	252	309	394	472	519	335	382	394	473	370	453
75% ***	293	386	492	566	625	414	497	442	546	430	555
90%	371	483	620	665	720	509	599	524	633	521	664
Hlutfall undir meðaltali,%	68%	66%	59%	58%	57%	57%	59%	62%	59%	54%	55%


* neðri fjórðungsmörk

** miðgildi

*** efri fjórðungsmörk


Regluleg laun félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ hjá sveitarfélögum eru að jafnaði lægst, 254 þús.kr. á mánuði, og regluleg heildarlaun þeirra jafnframt lægst, eða 277 þús.kr. Á hinn bóginn eru regluleg laun ríkisstarfsmanna í BHM hæst að meðaltali, 471 þús.kr. á mánuði, og jafnframt eru regluleg heildarlaun þeirra hæst. Í síðustu dálkum töflu 4 og 5 er sýnd launadreifing félagsmanna í öllum samböndunum hjá ríkinu annars vegar og sveitarfélögum hins vegar. Regluleg laun eru um 15% hærri hjá ríkinu en sveitarfélögum og regluleg heildarlaun um 24% hærri.

Mynd 12. Dreifing reglulegra launa í maí 2013



Dreifing reglulegra launa og heildarlauna er sýnd í myndum 12 og 13. Launadreifingin er ójöfnust meðal félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ á almennum vinnumarkaði. Regluleg laun í lægstu tíundinni eru 45% af launum í þeirri hæstu. En til samanburðar er sami mælikvarði 77% hjá félagsmönnum KÍ sem starfa hjá ríkinu. Skýringin á þessum mun er sú að ASÍ hópurinn er mun fjölbreyttari er varðar starfsstétt, atvinnugrein, menntun o.fl. en kennarar. Svipuð mynd fæst þegar regluleg heildarlaun eru skoðuð.

Mynd 13. Dreifing reglulegra heildarlauna í maí 2013



Í viðauka 4.4 er að finna frekari myndræna framsetningu á dreifingum launa eftir heildarsamtökum og viðsemjendum í maí 2013. Dreifingu launabreytinga frá nóvember 2011 til nóvember 2012 er með sama hætti gerð skil í viðauka 4.5.

2.3.4 Dreifing launa 2008, 2010, 2012 og 2013

Í undanförunum kjarasamningum hefur verið lögð áhersla á hækkun lægri launa með krónutöluhækkunum sem hafa hækkað launataxta um allt að tvöfalt meira en umsamdar almennar hlutfallshækkunar launa. Að beiðni vinnuhópsins hefur Hagstofa greint launadreifingu með sama hætti og í kaflanum hér að framan fyrir árin 2008, 2010, 2012 og 2013. Greiningin tekur til launa í maí á hverju áruna.

Í eftirfarandi töflu eru gögn Hagstofu dregin saman og skoðað hvernig hlutfallið á milli 10% tekjulægstu og 10% tekjuhæstu hefur þróast. Tölur sýna hlutfall launa tekjulægstu af hinum tekjuhæstu. Þegar hlutfallið hækkar milli ára, eins og taflan sýnir í flestum tilvikum, hafa laun lægsta launahópsins hækkað umfram hinn og launadreifingin orðið jafnari.

Taflan sýnir að nær undantekningarlaust hefur launadreifingin orðið jafnari. Sem dæmi má taka að á almennum vinnumarkaði fékk launalægsti hópurinn 40% af launum launahæsta hópsins árið 2008 en 45% árið 2013. Þetta þýðir að laun launalægsta hópsins hafa hækkað meira en þess launahæsta. Laun fyrrnefnda hópsins hækkuðu um 42,5% frá 2008 til 2013, en þess launahæsta 26,5%. Meðallaun félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ sem starfa hjá sveitarfélögum eru eins og taflan hér að ofan sýnir lægst af heildarsamtökum/viðsemjendum sem hér eru til umfjöllunar. Laun í tekjulægstu tíundinni í þessum hóp hækkuðu um 54% en hæsta tíundin um 37%.

Í síðustu línunni töflunnar er þróunin hjá ríkinu og sveitarfélögum skoðuð yfir þessi árabil. Þar kemur fram að munur á reglulegum launum 10% launalægstu og hinna launahæstu er meiri hjá sveitarfélögum en ríkinu á árinu 2008 en árið 2013 er staðan orðin mjög svipuð. Enn skýrari er myndin er varðar regluleg heildarlaun. Árið 2008 staðan nokkuð svipuð, en 2013 eru regluleg heildarlaun 10% launalægstu í sveitarfélögum 46% af launum 10% launhæstu, en sama hlutfall 44% hjá ríkinu.

Tafla 6. Dreifing reglulegra launa og heildarlauna í maí 2008, 2010, 2012 og 2013.

Laun 10% launalægstu í hlutfalli við 10% launahæstu

	Regluleg laun					Regluleg heildarlaun			
	2008	2010	2012	2013		2008	2010	2012	2013
ASÍ									
Sv.fél.	63%	68%	71%	71%		54%	59%	64%	61%
Ríki	58%	61%	63%	63%		47%	50%	51%	51%
Almenn	40%	44%	43%	45%		40%	43%	41%	43%
BHM									
Sv.fél.	52%	52%	57%	55%		48%	51%	53%	51%
Ríki	57%	60%	59%	58%		51%	54%	54%	53%
BSRB									
Sv.fél.	45%	51%	54%	54%		39%	45%	47%	46%
Ríki	54%	59%	58%	58%		43%	47%	46%	46%
KÍ									
Sv.fél.	61%	66%	67%	68%		56%	62%	62%	63%
Ríki	75%	76%	77%	77%		50%	58%	59%	60%
Ríki, alls	48%	51%	52%	52%		40%	43%	44%	44%
Sv.f., alls	45%	50%	52%	52%		39%	45%	47%	46%

Af því efni um launadreifingu sem hér er kynnt sýnist mega ráða að sú kjarastefna sem við lýði hefur verið hjá samningsaðilum á þeim sviðum og hjá þeim heildarsamtökum sem til grundvallar liggja hafi borið tilætlaðan árangur. Almennt hefur hækkun lægstu launa ekki farið upp allan launaskalann svo sem oft hefur þó orðið raunin hér á landi. Ein skýring þess kann að vera almennt efnahagsástand og mikill slaki á vinnumarkaði.

2.3.5 Sundurliðaðar breytingar milli ára

Sú launaþróun sem lýst hefur verið hér að framan er niðurstaða flókinna ferla. Kjarasamningar mynda gólf fyrir frekari launabreytingar. Hluti af launamynduninni verður til í fyrirtækja-/stofnanasamningum og í einstaklingsbundnum samningum. Í hverri samningalotu eru gerðir fjölmargir kjarasamningar, t.d. gera Samtök atvinnulífsins um 130 kjarasamninga í hverri lotu, ríkið um 50 og sveitarfélögin um 60. Ekki liggur fyrir kostnaðarmat á öllum samningunum. Á undanförunum árum hefur í ríkum mæli verið samið um krónutöluhækkanir,

launaþróunartyggingu og ýmis konar tilfærslur milli launaflokka, sem erfitt er að meta til hlutfallshækkana yfir stóra hópa launamanna.

Hækkun launavísitölu um 9% milli 2010 og 2011, á sama tíma og almennar samningsbundnar hækkanir voru 4,25%, gefur vísbendingu um mikilvægi annarra þátta launamyndunarinnar. Eftirfarandi töflu er ætlað að bregða upp mynd af þessu. Þótt heildstætt og samræmt kostnaðarmat á samningum liggi ekki fyrir er hér brugðið upp einfaldri mynd af þróuninni frá 2007. Einföldunin felst í því að í stað kostnaðarmats á samningum er miðað við almennar, lágmarks launahækkanir sem um hefur verið samið í kjarasamningum. Það sem þá stendur eftir og nefnt er „annað“ í töflunni eru hækkanir vegna krónutöluhækkana, breytinga á launaflokkum, fyrirtækjasamninga, starfsaldurshækkana og annarra einstaklingsbundinna launahækkana.

Tafla 7. Launamyndunin: Skipting hækkana reglulegra launa milli almennra, lágmarks hlutfallshækkana launa í kjarasamningum og annarra þátta*

		ASÍ			BHM		BSRB		Kí***	
		Sv.fél.	Ríki	Alm.	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki
2007	Almenn**	3,00	2,90	2,90	3,00	3,00	5,00	3,00	a	g
	Annað	2,33	2,69	6,65	6,19	5,75		4,96		
	Samtals	5,33	5,59	9,55	9,19	8,75	5,05	7,96	4,01	7,16
2008	Almenn**	3,00	0,50	5,50	3,00	2,50	2,00	3,00	b	h
	Annað	0,83	17,46	1,13	3,38	10,90	3,49	10,58		
	Samtals	3,83	17,96	6,63	6,38	13,40	5,49	13,58	19,41	14,79
2009	Almenn**			3,50					c	
	Annað	17,22	2,15	0,49	6,81	0,80	11,71	1,00		
	Samtals	17,22	2,15	3,99	6,81	0,80	11,71	1,00	4,12	0,41
2010	Almenn**			2,50						i
	Annað	2,63	5,69	2,81	1,71	2,18	1,62	5,07		
	Samtals	2,63	5,69	5,31	1,71	2,18	1,62	5,07	1,11	0,92
2011	Almenn**		4,25	4,25	4,25	4,25	4,25	4,25	d	j
	Annað	6,68	1,21	3,08	3,09	2,66	1,97	1,89		
	Samtals	6,68	5,46	7,33	7,34	6,91	6,22	6,14	5,75	7,47
2012	Almenn**		3,50	3,50	3,50	3,50	3,50	3,50	e	3,50
	Annað	5,01	1,94	2,28	2,22	2,30	1,43	1,24		1,18
	Samtals	5,01	5,44	5,78	5,72	5,80	4,93	4,74	4,60	4,68
2013- maí	Almenn**		3,25	3,25	4,40	3,25	3,50	3,25	f	3,25
	Annað	4,83	2,84	1,21	0,18	1,12	1,04	1,46		0,28
	Samtals	4,83	6,09	4,46	4,58	4,37	4,54	4,71	4,14	3,53

* Eyður í töflunni skýrast af því að ekki var um að ræða almennar lágmarks hlutfallshækkunir launa heldur krónutöluhækkunir launataxta í flestum tilvikum.

** Almenn lágmarks hlutfallshækkun launa í kjarasamningum.

*** Í þeim tilvikum þar sem bókstafir eru skráðir í reiti Kí var ekki gert ráð fyrir almennum, lágmarks hlutfallshækkunum í kjarasamningum. Vegið meðaltal launahækkana liggur hins vegar fyrir og er það eftirfarandi: a=2,5%, b=16,7%, c=3,9%, d=5,3%, e=4,1%, f=3,9%, g=6,4%, h=13,1%, i=0,3% og j=6,4%.


2.4 Launapróun karla og kvenna

Niðurstöður um launapróun eftir kynjum eru sýndar á myndum og töflum á næstu blaðsíðum. Tölurnar eru settar fram með þeim hætti að launavísitölu karla á hverju ári er deilt í launavísitölu kvenna og margfaldað með 100. Þannig fæst vísitala sem tekur gildi hærra en 100 á tilteknu ári ef uppsöfnuð launahækkun er meiri meðal kvenna en karla.

Niðurstaðan er sú að í flestum heildarsamtökum og samningssviðum hafa laun kvenna hækkað meira en karla á tímabilinu nóvember 2006 til maí 2013. Undantekningar eru tvær; annars vegar hækkuðu laun kvenna hjá ríkinu í BSRB um 0,8% minna en karla og hins vegar hækkuðu laun kvenna í aðildarfélögum KÍ hjá sveitarfélögunum um 0,6% minna en karla. Laun kvenna í aðildarfélögum ASÍ hafa hækkað umfram karla á öllum þremur samningssviðunum, mest á almennum vinnumarkaði þar sem munurinn er 5,3%. Konur í aðildarfélögum BSRB sem starfa hjá sveitarfélögum hafa hækkað um 6,6% umfram karla og svipað er uppi á teningnum hjá konum innan aðildarfélaga BHM sem starfa hjá sveitarfélögum.


Sú mynd sem hér er dregin upp um þróun reglulegra launa gefur til kynna að launamunur kynja hafi minnkað á því tímabili sem hér er lagt til grundvallar. Í þessu sambandi má vísa til útgáfu Hagstofu „Óleiðréttur launamunur kynjanna 2008 – 2012“ Hagtíðindi, 2013:5.

Mynd 14. Þróun launa kvenna umfram karla í aðildarfélögum ASÍ.




- Maí 2013

Mynd 15. Þróun launa kvenna umfram karla í aðildarfélögum BHM.




- Maí 2013

Mynd 16. Þróun launa kvenna umfram karla í aðildarfélögum BSRB



- Maí 2013

Mynd 17. Þróun launa kvenna umfram karla í aðildarfélögum KÍ




- Maí 2013

3. Verðbólga og kaupmáttarþróun

3.1 Vísitala neysluverðs

Vísitala neysluverðs hækkaði um 54,6% frá nóvember 2006 til maí 2013, eða um 6,9% á ári að jafnaði.


Mynd 18. Vísitala neysluverðs og ársbreytingar



- Maí 2013

Þessu tímabili má skipta í þrennt; aðdragandi hruns (2006 og 2007), hrunið (2008-2010) og eftir hrun (2011-2013). Á fyrsta tímabilinu hækkaði húsnæðisverð að raungildi og ýtti undir verðbólgu, en hátt gengi krónunnar hélt niðri verðhækkunum á innfluttum neysluvörum. Gengi krónunnar féll mikið þegar á fyrri hluta árs 2008 og sú hrina stóð fram eftir ári 2009. Árin 2008 til 2009 voru verðhækkanir á innfluttum vörum leiðandi í verðbólgunni, en húsnæðisliðurinn vóg á móti árin 2009 og 2010. Verðbólgan fór í miklar hæðir, eða tæp 19% þegar mest var. Frá 2010 hafa innlendar vörur (án búvöru og grænmetis) hækkað um 13% og til muna meira en innfluttar vörur (án áfengis og tóbaks) sem hafa hækkað um 8,3%. Verðlækkun húsnæðis hefur einnig stöðvast og raunverð húsnæðis farið hækkanandi það sem af er ári 2013.

Mynd 19. Verðbreytingar; innlendar og innfluttar vörur og húsnæði



- Maí 2013


3.2 Kaupmáttarbreytingar

Viðfangsefni kjarasamninga er breyting á launum og launatöxtum. Kaupmáttur launa ræðst af flóknu samspili launa, gengis og verðlags, framleiðni og almennum skilyrðum þjóðarþúskaþarins.

3.2.1 Kaupmáttarbreyting - Mánaðarleg launavísitala

Kaupmáttur á mælikvarða launavísitölu jókst jafnt og þétt á fyrstu sjö árum nýrrar aldar. Í heild jókst kaupmáttur launa um 19,7% frá 2000 til 2007, eða 2,5% á ári til jafnaðar. Hagvöxtur á starfandi mann var að jafnaði um 2,7% á mælikvarða landsframleiðslu og um 2,4% á mælikvarða þjóðartekna.

Mynd 20. Vísitala kaupmáttar m.v. launavísitölu Hagstofu Íslands (nóvember 2006=100) og breyting kaupmáttar milli ára.



- Maí 2013

Gengishrun krónunnar á árinu 2008 og sú verðbólguhrina sem af henni hlaut, hafði óhjákvæmilega í för með sér að kaupmáttur launa minnkaði verulega næstu tvö árin. Frá nóvember 2007 til 2009 nam lækkunin um 12%. Lægstur var kaupmátturinn í febrúar 2010 og var hann þá svipaður og á árinu 2002. Kaupmáttur launa hefur aukist frá 2009 um 8% á þennan mælikvarða.

Samanburður milli þróunar kaupmáttar og þjóðhagsstærða verður að gera á grundvelli ársmeðaltala. Ársmeðaltöl kaupmáttar sýna lækkun um 11,6% árin 2008-2010. Kaupmáttur minnkaði meira en sem nam samdrætti í landsframleiðslu á starfandi mann, sem nam í heild 4,4% þessi árin, en minna en sem nam samdrætti í þjóðartekjum á starfandi sem var um 20%.


Kaupmáttur styrktist árin 2011 og 2012, um 5,2% frá meðaltali 2010. Til samanburðar jókst landsframleiðsla á starfandi mann um 2,9% á þessum árum, en vegna minni (áætlaðrar) greiðslubyrði erlendra skulda þjóðarbúsins hækkðu þjóðartekjur á starfandi mann um 7,5%.

3.2.2 Kaupmáttarbreyting – Starfsmenn á almennum vinnumarkaði og opinberir starfsmenn

Eins og fram kom í kafla 2.2 eru laun á almennum markaði næmari fyrir breytingum á efnahagsforsendum og launahækkningar voru minni í kjölfar fjármálakreppunnar en hjá opinberum starfsmönnum, en síðan meiri ári eftir. Þetta endurspeglast í kaupmáttarþróuninni. Þannig minnkaði kaupmáttur launa

á almennum vinnumarkaði um 12,2% árin 2008 og 2009, samanborið við 7,2% á opinbera vinnumarkaðnum. Árið 2010 færði launafólki á almennum vinnumarkaði lítilsháttar kaupmáttarauka en kaupmáttarlækkun um 3-3,5% varð á opinbera markaðnum.


Mynd 21. Vísitala kaupmáttar launafólks á almennum markaði, sveitarfélögum og ríki. Ársmeðaltal 2006 = 100.



- 2. ársfjórðungur

Frá árinu 2007 til 2010 minnkaði kaupmáttur launafólks sem starfar hjá ríki og sveitarfélögum um 10,4% og talsvert meira hjá ríkisstarfsmönnum (11,7%) en hjá starfsmönnum sveitarfélaga (8,4%). Kaupmáttur launafólks á almennum vinnumarkaði minnkaði mjög skarpt á árinu 2009, eða um 8,6%, og árin 2008 og 2009 um alls 12,2%.

Mynd 22. Breyting kaupmáttar launafólks á almennum vinnumarkaði, sveitarfélögum og ríki frá fyrra ári.



- 2. ársfjórðungur

3.2.3 Kaupmáttarbreyting - Fern heildarsamtök launafólks, þrjú meginviðsemjendur

3.2.3.1 Kaupmáttarbreytingar milli ára


Hér að framan hefur launaþróun innan fernra heildarsamtaka launafólks og þrenna megin viðsemjenda verið rakin. Þá hefur verið fjallað um þróun verðlags á sama tíma. Þróun kaupmáttar eftir heildarsamtökum og viðsemjendum er sýnd í eftirfarandi töflu og kaupmáttur samkvæmt launavísitölu Hagstofu til samanburðar. Aftur er vakin athygli á að þróun launavísitölunnar og ASÍ hópsins á almennum markaði falla mjög saman.

Tafla 8. Kaupmáttur eftir bandalögum og viðsemjendum og launavísitölu Hagstofu Íslands. Nóvember 2006=100.

	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ		Launa- vísitala
	Sveit	Ríki	Alm.	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Heild
2006	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2007	100,1	100,4	104,1	103,8	103,3	99,8	102,7	98,9	101,9	102,9
2008	88,8	101,1	94,8	94,3	100,1	89,9	99,5	100,8	99,8	94,7
2009	95,8	95,0	90,8	92,7	92,9	92,5	92,5	96,6	92,3	90,7
2010	95,8	97,9	93,1	91,9	92,5	91,6	94,7	95,2	90,8	92,5
2011	97,1	98,1	95,0	93,7	94,0	92,4	95,5	95,7	92,7	95,8
2012	97,6	99,0	96,1	94,8	95,1	92,8	95,7	95,7	92,8	96,3
2013*	100,0	102,6	98,1	96,9	97,0	94,8	98,0	97,4	93,9	98,1


Aðeins félagsmenn aðildarféлага ASÍ hjá hinu opinbera hafa náð sama kaupmætti í maí 2013 og í nóvember 2006 og kaupmáttur félagsmanna aðildarféлага ASÍ hjá ríkinu er nokkru hærra en á grunntímabilinu. Kaupmáttur annarra hópa er nokkuð minni og mestu munar hjá félagsmönnum KÍ í framhaldsskólum.

Mynd 23. Vísitala kaupmáttar félagsmanna aðildarféлага ASÍ á almennum markaði, ríki og sveitarfélögum. Nóv. 2006=100




- Maí 2013

Mynd 24. Breyting kaupmáttar félagsmanna aðildarfélaga ASÍ á almennum markaði, ríki og sveitarfélögum frá fyrra ári.




- Maí 2013

Mynd 25. Vísitala kaupmáttar félagsmanna aðildarfélaga BHM hjá ríki og sveitarfélögum. Nív. 2006=100




- Maí 2013

Mynd 26. Breyting kaupmáttar félagsmanna aðildarfélaganna BHM hjá ríki og sveitarfélögum frá fyrra ári.




- Maí 2013

Mynd 27. Vísitala kaupmáttar félagsmanna aðildarfélaganna BSRB hjá ríki og sveitarfélögum. Nív. 2006=100




- Maí 2013

Mynd 28. Breyting kaupmáttar félagsmanna aðildarfélaga BSRB hjá ríki og sveitarfélögum frá fyrra ári.




- Maí 2013

Mynd 29. Vísitala kaupmáttar félagsmanna aðildarfélaga KÍ hjá ríki og sveitarfélögum. Nív. 2006=100



- Maí 2013

Mynd 30. Breyting kaupmáttar félagsmanna aðildarféлага KÍ hjá ríki og sveitarfélögum frá fyrra ári.



- Maí 2013

4. Viðauki

4.1 Yfirlit yfir sammingsbundnar launahækkanir 2007-2013

Almennur vinnumarkaður

ASÍ⁴

2007	Janúar	Almenn launahækkun 2,9%.
2008	Febrúar	Laun hækkuðu almennt samkvæmt 5,5% launaþróunartryggingu. Kauptaxtar verka- og afgreiðslufólks hækkuðu um 18.000 kr. og iðnaðarmanna og skrifstofufólks um 21.000 kr.
2009	Mars	Laun áttu að hækka um 13.500 en hækkun var frestað þar sem forsendur samninga voru talin brostin.
	Júlí	Stöðuleikasáttmáli undirritaður. Kauptaxtar verka- og afgreiðslufólks hækkuðu um 6.750 kr. og iðnaðarmanna og skrifstofufólks um 8.750 kr.
	Nóvember	Laun hækkuðu almennt samkvæmt 3,5% launaþróunartryggingu. Kauptaxtar verka- og afgreiðslufólks hækkuðu um 6.750 kr. og iðnaðarmanna og skrifstofufólks um 8.750 kr.
2010	Júní	Almenn launahækkun 2,5%. Kauptaxtar verka- og afgreiðslufólks hækkuðu um 6.500 kr. og iðnaðarmanna og skrifstofufólks um 10.500 kr.
2011	Maí	Sérstök eingreiðsla 50 þús. kr.
	Júní	Launataxtar hækka um 12.000 kr. Almenn launahækkun 4,25%. 10. þús. kr. álag á orlofsuppbót. (15.000 kr. álag á desemberuppbót í des. 2011).
2012	Febrúar	Launataxtar hækka um 11.000 kr. og almenn launahækkun 3,5%.
2013	Febrúar	Launataxtar hækka um 11.000 kr. og almenn launahækkun 3,25%.

4 Í 5,5% launaþróunartryggingu fólst að launamanni var tryggt 5,5% launahækkun á 12 mánaða tímabili. Þannig mátti draga frá 5,5% launahækkun þær launahækkanir sem viðkomandi hafði fengið liðna 12 mánuði á undan, þó aldrei meira en 5,5%.

Sveitarfélög

ASÍ

2007	Janúar	Almenn launahækkun 3%.
2008	Janúar	Almenn launahækkun 3%.
	Desember	Almenn launahækkun allt að 20.300 kr.
2009	Júlí	Lægstu launaflokkar hækka um 6.750 kr. Aðrir launaflokkar hækkuðu minna eða ekkert.
	Nóvember	Lægstu launaflokkar hækka um 6.750 kr. Aðrir launaflokkar hækkuðu minna eða ekkert.
2010	Júní	Ný launatafla sem fól í sér krónutöluhækkunar þó mismiklar eftir launaflokkum og þrepum.
2011	Maí	Sérstök eingreiðsla 50.000 kr.
	Júní	Ný launatafla án lífaldursþrepa sem fól í sér krónutöluhækkunar þó mismiklar eftir launaflokkum og þrepum.
2012	Febrúar	Sérstakt álag á orlofsuppbót 25.000.kr.
	Mars	Almenn launahækkun 3,5%.
2013	Mars	Breytingar á launatöflu mismiklar í % og kr. milli flokka.

BHM

2007	Janúar	Almenn launahækkun um 3%. (+ 1 lfl. 1,5%).
2008	Janúar	Almenn launahækkun 3%. (+ 1 lfl. 1,5%).
	Desember	Almenn launahækkun um 20.300 kr.
2011	Júní	Almenn launahækkun 4,25% auk 50.000 kr. eingreiðslu.
2012	Febrúar	Sérstakt álag á orlofsuppbót 25.000 kr.
	Mars	Almenn launahækkun um 3,5%.
2013	Mars	Almenn launahækkun um 4,4%, breytilegt eftir aðildarfélögum.

BSRB

2007	Janúar	Almenn launahækkun 2,9-3%.
2008	Janúar	Almenn launahækkun 2-3%.
	Nóvember	Almenn launahækkun um 20.300 kr.
2009	Júlí	Lægstu launaflokkar hækka um allt að 6.750 kr.
	Nóvember	Lægstu launaflokkar hækka um allt að 6.750 kr.
2010	Júní	Lægstu launaflokkar hækka um allt að 6.500 kr.
2011	Júní	Almenn launahækkun 4,25% auk 50.000 kr. eingreiðslu.
2012	Febrúar	Sérstakt álag á orlofsuppbót 25.000 kr.
	Mars	Almenn launahækkun 3,5%.
2013	Mars	Almenn launahækkun 3,25%.

KÍ

2007	Janúar	Almenn launahækkun leik-, tónlistarskólakennara 3% og grunnskólakennara um 2,25%.
2008	Janúar	Almenn launahækkun leik-, tónlistar- og grunnskólakennara 3%. Leik- og tónlistarskólakennarar hækka um 1 launaflokk (1,5%).
	Mars	Laun grunnskólakennara hækka um 1 launaflokk (3%).
	Júní	Almenn launahækkun grunnskólakennara 25.000 kr.
	Ágúst	Almenn launahækkun grunnskólakennara 9.000 kr. og breyting er gerð á aldurstengdum launaþrepum.
	Október	Laun grunnskólakennara hækka um 1 launaflokk (2,7%).
	Desember	Laun leik- og tónlistarskólakennara hækka um 20.300 kr.
2009	Janúar	Almenn launahækkun grunnskólakennara 2,5%.
2011	Maí	Almenn launahækkun um 4,25/4,6% í grunn- og tónlistarskólum auk 50 þús. kr. eingreiðslu.
	Júní	Almenn launahækkun leikskólakennara 7,6%.
2012	Febrúar	Sérstakt álag á orlofsuppbót 25.000 kr.
	Mars	Almenn launahækkun 3,5%
	September	Breyting á röðun hluta starfsheita og 0,8% almenn hækkun í leikskólum.
2013	Mars	Almenn launahækkun 3,25/4,0%

Ríki

ASÍ

2007	Janúar	Launatafla hækkuð um 2,9%.
2008	Janúar	Launatafla hækkuð um 2,0%.
	Mái	Ný launatafla og almenn launahækkun um 20.300 kr.
2009	Júlí	Lægstu launaflokkar hækka um 6.750 kr.
	Nóvember	Lægstu launaflokkar hækka um 6.750 kr.
2010	Júní	Lægstu launaflokkar hækka um 6.500 kr.
2011	Mái	Sérstök eingreiðsla 50.000 kr.
	Júní	Almenn launahækkun 4,25% auk 10.000 kr. álag á orlofsuppbót.
2012	Febrúar	Launataxtar hækka um 11.000 kr. og almenn hækkun launataxta 3,5%
2013	Febrúar	Almenn launahækkun 3,25%

BHM

2007	Janúar	Launatöflur hækka um 2,25-3%.
	Mái	2,6% til stofnanasamninga.
2008	Janúar	Launatöflur hækka um 2-2,5%.
	Júní	Almenn launahækkun um 20.300 kr. og vísindasjóður o.fl. (2,2%) fellt inn í launatöflu.
2011	Júní	Almenn launahækkun 4,25% auk 10.000 kr. álag á orlofsuppbót auk 50.000 kr. eingr. (+töflubreyting 0,6%)
2012	Febrúar	Launataxtar hækka um 11.000 kr. og almenn hækkun launataxta 3,5% (+töflubreyting 0,22%)
2013	Febrúar	Almenn launahækkun 3,25%

BSRB

2007	Mái	2% vegna nýs launakerfis.
2008	Janúar	Launatöflur hækka um 2-3%.
	Mái	Almenn launahækkun um 20.300 kr.
2009	Júlí	Lægstu launaflokkar hækka um 6.750 kr.
	Nóvember	Lægstu launaflokkar hækka um 6.750 kr.

2010	Júní	Lægstu launaflokkar hækka um 6.500 kr.
2011	Júní	Almenn launahækkun 4,25% auk 10.000. kr. álag á orlofsuppbót auk 50.000. kr. eingreiðslu.
2012	Febrúar	Launataxtar hækka um 11.000 kr. og almenn hækkun 3,5%
2013	Febrúar	Almenn launahækkun 3,25%

KÍ

2007	Janúar	Launatafla hækkuð um 2,9%
	Mái	3,4% til stofnanasamninga.
2008	Janúar	Launatafla hækkuð um 2,0%
	Júní	Almenn launahækkun um 20.300 kr.
	Ágúst	4% til stofnanasamninga framhaldsskóla.
2010	Júní	Lægstu launaflokkar hækka um allt að 6.500 kr.
2011	Mái	Almenn launahækkun 4,25%
	Október	Launaprep, að meðaltali um 2,1%
2012	Febrúar	Almenn launahækkun 3,5%
2013	Febrúar	Almenn launahækkun 3,25%

4.2 Launabreytingar á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugreinum og starfsstéttum

Vísitala paraðra breytinga fyrir nóvember 2006 -2012

*Nóvember 2012 - maí 2013

		Stjórn- endur	Sérfræð- ingar	Tæknar og sér- menntað starfs- fólk	Skrif- stofu- fólk	Þjónustu-, sölu og af- greiðslu- fólk	Iðnaðar- menn	Verka- fólk
Iðnaður								
	2006	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
	2007	106,4	107,1	110,9	109,0	106,8	108,0	108,4
	2008	111,0	113,9	117,5	117,8	114,7	115,0	117,1
	2009	118,0	120,9	123,2	124,7	122,8	120,9	125,7
	2010	122,2	128,5	128,6	131,3	128,6	125,7	133,2
	2011	128,6	136,0	137,7	140,6	137,3	133,8	145,2
	2012	135,8	146,0	144,9	148,1	145,5	142,0	153,1
	2013*	141,2	152,4	150,5	155,6	152,1	147,4	158,8
Byggingarstarfsemi og fl.								
	2006						100,0	100,0
	2007						111,0	112,7
	2008						117,4	121,0
	2009						116,7	124,5
	2010						122,1	129,3
	2011						129,3	135,6
	2012						136,3	146,5
	2013*						143,1	152,3
Verslun og þjónusta								
	2006	100,0		100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
	2007	109,9		108,8	109,3	109,8	108,6	111,1
	2008	115,3		113,4	115,3	114,9	115,0	116,6
	2009	118,4		115,9	120,8	120,1	114,3	121,8
	2010	124,2		123,5	125,3	126,5	122,2	127,8

	2011	133,3		130,7	133,7	136,1	129,5	137,5
	2012	138,1		135,7	144,6	143,8	139,8	147,5
	2013*	142,4		139,7	151,9	152,1	146,0	155,0
Samgöngur og flutningar								
	2006	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0		100,0
	2007	110,2	112,7	110,4	111,2	107,7		107,6
	2008	114,8	116,2	115,5	119,0	118,3		119,8
	2009	116,9	116,8	115,3	122,4	122,5		125,0
	2010	121,5	127,6	124,6	130,0	131,8		132,1
	2011	131,9	137,5	134,6	139,5	139,8		141,0
	2012	138,7	145,9	142,7	149,4	150,0		149,8
	2013*	144,6	153,2	149,3	159,2	153,3		156,6

Paraðar breytingar nóvember 2006 - 2012

*Nóvember 2012 - maí 2013

	Stjórn- endur	Sérfræð- ingar	Tæknar og sér- menntað starfsfólk	Skrif- stofu fólk	Þjónustu- sölu og af- greiðslu- fólk	Iðnaðar- menn	Verka- fólk
Iðnaður							
	2007	6,4%	7,1%	10,9%	9,0%	6,8%	8,4%
	2008	4,4%	6,3%	6,0%	8,0%	7,4%	8,0%
	2009	6,3%	6,1%	4,8%	5,9%	7,0%	7,4%
	2010	3,6%	6,3%	4,4%	5,2%	4,7%	6,0%
	2011	5,3%	5,8%	7,1%	7,1%	6,8%	9,0%
	2012	5,6%	7,3%	5,2%	5,3%	6,0%	5,4%
	2013*	4,0%	4,4%	3,9%	5,1%	4,5%	3,7%
Byggingarstarfsemi og fl.							
	2007					11,0%	12,7%
	2008					5,8%	7,3%
	2009					-0,6%	2,9%
	2010					4,7%	3,8%
	2011					5,9%	4,9%


	2012						5,4%	8,1%
	2013*						5,0%	3,9%
Verslun og þjónusta								
	2007	9,9%		8,8%	9,3%	9,8%	8,6%	11,1%
	2008	4,9%		4,2%	5,5%	4,6%	5,9%	4,9%
	2009	2,6%		2,3%	4,8%	4,5%	-0,6%	4,5%
	2010	5,0%		6,6%	3,7%	5,3%	6,9%	4,9%
	2011	7,3%		5,8%	6,7%	7,7%	6,0%	7,5%
	2012	3,6%		3,8%	8,1%	5,6%	7,9%	7,3%
	2013*	3,1%		2,9%	5,1%	5,7%	4,4%	5,1%
Samgöngur og flutningar								
	2007	10,2%	12,7%	10,4%	11,2%	7,7%		7,6%
	2008	4,1%	3,2%	4,7%	7,0%	9,8%		11,4%
	2009	1,8%	0,5%	-0,2%	2,8%	3,6%		4,4%
	2010	3,9%	9,2%	8,1%	6,2%	7,6%		5,6%
	2011	8,6%	7,8%	8,0%	7,3%	6,0%		6,8%
	2012	5,2%	6,1%	6,0%	7,1%	7,3%		6,2%
	2013*	4,3%	5,0%	4,6%	6,5%	2,2%		4,5%

4.3 Launabreytingar á opinberum vinnumarkaði eftir viðfangsefni og stjórnsýslustigi.


Visitala paraðra breytinga fyrir nóvember 2006 -2012				Paraðar breytingar fyrir nóvember 2006 -2012			
*Nóvember 2012 - maí 2013				*Nóvember 2012 - maí 2013			
		Ríki	Sveitarf.			Ríki	Sveitarf.
Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar				Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar			
	2006	100,0	100,0				
	2007	108,9	105,6		2007	8,9%	5,6%
	2008	123,6	112,3		2008	13,5%	6,4%
	2009	124,9	120,4		2009	1,1%	7,2%
	2010	129,7	121,7		2010	3,8%	1,1%
	2011	137,5	129,3		2011	6,0%	6,2%
	2012	146,4	136,2		2012	6,5%	5,4%
	2013*	152,7	142,0		2013*	4,3%	4,3%
Fræðslustarfsemi				Fræðslustarfsemi			
	2006	100,0	100,0				
	2007	107,3	104,1		2007	7,3%	4,1%
	2008	122,1	125,7		2008	13,8%	20,7%
	2009	122,9	132,0		2009	0,6%	5,1%
	2010	125,5	133,8		2010	2,1%	1,3%
	2011	134,7	140,6		2011	7,4%	5,1%
	2012	141,4	146,5		2012	5,0%	4,1%
	2013*	146,5	152,8		2013*	3,6%	4,3%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta				Heilbrigðis- og félagsþjónusta			
	2006	100,0	100,0				
	2007	107,1	105,2		2007	7,1%	5,2%
	2008	122,8	111,2		2008	14,6%	5,7%
	2009	123,9	123,3		2009	0,9%	10,9%
	2010	128,7	125,5		2010	3,9%	1,7%
	2011	137,6	134,8		2011	6,9%	7,4%
	2012	141,5	142,2		2012	2,9%	5,5%
	2013*	150,0	148,5		2013*	6,0%	4,4%

4.4 Dreifing launa í maí 2013 eftir heildarsamtökum og viðsemjendum


Mynd 31 Dreifing reglulegra launa félagsmanna í aðildarfélögum ASÍ í maí 2013.




Mynd 32 Dreifing reglulegra launa heildarlauna félagsmanna í aðildarfélögum ASÍ í maí 2013




Mynd 33 Dreifing reglulegra launa félagsmanna í aðildarfélögum BHM í maí 2013




Mynd 34 Dreifing reglulegra heildarlauna félagsmanna í aðildarfélögum BHM í maí 2013




Mynd 35 Dreifing reglulegra launa félagsmanna í aðildarfélögum BSRB í maí 2013




Mynd 36 Dreifing reglulegra heildarlauna félagsmanna í aðildarfélögum BSRB í maí 2013



Mynd 37 Dreifing reglulegra launa félagsmanna í aðildarfélögum KÍ í maí 2013




Mynd 38 Dreifing reglulegra heildarlauna félagsmanna í aðildarfélögum KÍ í maí 2013




4.5 Dreifing launabreytinga frá nóvember 2011 til nóvember 2012 eftir heildarsamtökum og viðsemjendum⁵

Mynd 39. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups frá nóvember 2011-2012. ASÍ – Alm.




Mynd 40. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups frá nóvember 2011-2012. ASÍ – Ríki.




5 Hér er um að ræða ársbreytingu reglulegs tímakaups (skammstafað RTK í myndum). Þetta eru regluleg laun reiknuð á greidda vinnustund.


Mynd 41. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups frá nóvember 2011-2012. ASÍ – Sveitarfélög.




Mynd 42. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups frá nóvember 2011-2012. BHM – Ríki.




Mynd 43. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups frá nóvember 2011-2012. BHM –Sveitarfélög.




Mynd 44. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups frá nóvember 2011-2012. BSRB – Ríki.




Mynd 45. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups frá nóvember 2011-2012. BSRB – Sveitarfélög.



Mynd 46. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups frá nóvember 2011-2012. KÍ – Ríki.



Mynd 47. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups frá nóvember 2011-2012. KÍ -Sveitarfélög.





II. hluti

Efnahagssumhverfi kjarasamninga



Efnisyfirlit II. hluta

1	Inngangur.....	69
2	Alþjóðaeftnahagsmál	70
2.1	Eftnahagsþróun í helstu viðskiptalöndum	70
2.2	Kjarasamningar og launaþróun í nokkrum löndum	73
3	Innlend eftnahagsþróun.....	76
3.1	Ástand og horfur í eftnahagsmálum.....	76
3.1.1	Hagvöxtur.....	76
3.1.2	Einkaneysla og samneysla	76
3.1.3	Fjárfestingar.....	77
3.1.4	Útflutningur.....	77
3.1.5	Verð sjávarafurða	78
3.1.6	Viðskiptajöfnuður og greiðslubyrði erlendra skulda	78
3.1.7	Gengi krónunnar.....	79
3.2	Helstu spár um eftnahagsþróun 2013 - 2015	82
3.2.1	Hagvöxtur.....	82
3.2.2	Fjárfesting.....	82
3.2.3	Neysla.....	84
3.2.4	Utanríkisviðskipti	84
3.2.5	Viðskiptakjör	86
3.2.6	Þjóðartekjur og landstekjur	87
3.2.7	Viðskiptajöfnuður	89
3.2.8	Laun, verðbólga og gengi	90
3.2.9	Vinumarkaður	92
5	Eftnahagsstefnan.....	99
5.1	Peningastefna Seðlabankans.....	99
5.2	Opinber fjármál	99
5.2.1	Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2014.....	99
5.2.2	Fjármál sveitarfélaga	101
6	Vinumarkaðurinn	103
7	Heimilin	105
7.1	Ráðstöfunartekjur.....	105
7.2	Skuldir og eignir.....	107
8	Afkoma atvinnuveganna	109
8.1	Ársreikningar 2011	109
8.2	Vísbendingar um hag atvinnugreina	110
8.3	Skuldastaðan.....	111
9	Samkeppnisstaðan	113
9.1	Samkeppnisgreinar og heimagreinar	113
9.2	Framleiðni vinnuafis	114

9.3	Launakostnaður	115
9.4	Launahlutföll í samkeppnisgreinum.....	118
9.5	Raungengi.....	119
10	Niðurstaða og samantekt	121
11	Viðauki: Launaþróun í öðrum löndum	123

1 Inngangur

Ákvörðun um kaup og kjör í kjarasamningum skiptir sköpum um framþróun íslensks efnahagslífs eins og sagan ber merki um. Miklu skiptir að samningar hvíli á raunsæju mati á efnahagslegum forsendum. Hér er ekki síst um að ræða ytri forsendur íslensks þjófðarbúskapar, en þá er átt við efnahagsþróun í helstu viðskipta- og samkeppnislöndum, viðskiptakjör, framleiðslugetu þjófðabúsins, framleiðni og afkomu atvinnulífs. Þessir þættir mynda það sem í daglegu tali er kallað þjófðarkakan.

Óumbreytanleg ytri skilyrði		
Efnahagsþróun í umheiminum	Viðskiptakjör þjófðarbúsins	Náttúruleg skilyrði

Skilyrði sem aðilar geta haft áhrif á		
Efnahagsstefna stjórnvalda		Atvinnuvegastefna stjórnvalda

Kjarasamningar	
	Breyting nafnlauna

Afleiðingar		
Vextir og gengi		Verðbólga

Niðurstaða		
Kaupmáttur launa		Atvinnustig

Hér er reynt að draga fram á einfaldan hátt þá þætti sem móta niðurstöður kjarasamninga um launabreytingar, kaupmátt launa og atvinnustig. Kjarasamningar kveða á um laun og önnur starfskjör. Kaupmáttur launa og atvinnustig ráðast hins vegar að stórum hluta af þáttum sem eru utan áhrifasviðs kjarasamninga.

Í þessari greinargerð er farið yfir helstu forsendur kjarasamninga. Rakin er þróun efnahagsmála undanfarin ár, ástand og horfur í alþjóðaefnahagsmálum og helstu spár fyrir innlendan þjófðarbúskap næstu 2-3 árin reifaðar. Fjallað er um efnahagsstefnuna, stöðu vinnumarkaðar og heimila og afkomu atvinnulífsins. Loks er fjallað um samkeppnisstöðu atvinnulífsins og mikilvægi hennar, m.a. í ljósi hagrænna greininga sem liggja að baki kjarasamningsgerð annars staðar á Norðurlöndum.

2 Alþjóðæfnahagsmál

2.1 Efnahagsþróun í helstu viðskiptalöndum

Efnahagskreppan sem reið yfir hinn vestræna heim árin 2007 og 2008 hefur í senn reynst dýpri og langvinnari en fyrri kreppur frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Nokkuð skiptir í tvö heimshorn um efnahagshorfur. Þannig hefur glaðnað yfir efnahagslífi í Bandaríkjunum og Japan og horfur um hægán efnahagsbata í þessum löndum. Ætlað er að hagvöxtur í fyrrnefnda landinu verði 2,6% á næsta ári og 1,2% í því síðarnefnda. Hins vegar er enn við rammann reip að draga í mörgum Evrópuríkjum, einkum innan evrusvæðisins, en samdráttur varð þar 2012 sem hélt áfram á þessu ári. Þótt spár bendi til viðsnúnings á næsta ári, verður hagvöxtur lítill, eða 1%, skv. endurskoðaðri spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) frá október 2013.

Þýskaland er efnahagsleg aflvél Evrópu. Hagþróun í Þýskalandi hefur verið mun betri en á evrusvæðinu í heild og spár AGS 1,4% hagvexti í Þýskalandi árið 2014. Svipaða sögu er að segja um ástand og horfur í Bretlandi þar sem hagvöxtur hefur verið lítill og spá fyrir 2014 hljóðar upp á 1,9%. Staða og horfur á Norðurlöndum er ívið betri en víðast hvar meðal þróaðra ríkja og er gert ráð fyrir 2,5-3% hagvexti í Svíþjóð og Noregi á næsta ári, en heldur minni í Danmörku og Finnlandi.

Hafa verður í huga að hagspár nú um stundir eru mikilli óvissu háðar og fram kemur hjá alþjóðæfnahagsstofnunum að hættara sé við að hagvöxtur verði minni en spáð er. Þannig felur októberspá AGS í sér nokkra lækkun frá endurskoðaðri spá í júlí sl.

Gagnlegt er að skoða spár um hagvöxt í helstu viðskiptalöndum Íslands. Að jafnaði (vegið með viðskiptavog) er þar spáð 0,8% hagvexti á þessu ári og 1,8% 2014.

Fjárfestingar drógust mikið saman í þróuðum hagkerfum (e. advanced economies) í upphafi samdráttarskeiðsins, sem einkennist af skuldakreppu og meiri óvissu meðal fyrirtækja og fjárfesta en um langt skeið. Árin 2008 og 2009 nam samdráttur fjárfestinga rösklega 15%. Horfur eru á að fjárfesting í þessum ríkjum glæðist og spáð er 2,5% vexti þeirra í ár og 4,6% á næsta ári. Samkvæmt AGS munu þróuð ríki verja 19-20% af landsframleiðslu næstu 3-4 árin til fjárfestinga.

Erlendar fjárfestingar eru mjög viðkvæmar fyrir hagsveiflu, enda áhætta bundin slíkri fjárfestingu mun meiri en í innlendum fjárfestingum. Árlegar fjárfestingar ríkja OECD (Efnahags- og þróunarstofnunarinnar) í öðrum ríkjum námu tæpum 2% af VLF (vergrí landsframleiðslu) aðildarríkjanna árið 2003 samanborið við 4,7%

árið 2007. Lækkunin fram til 2012 er mikil og erlend fjárfesting OECD-rikkanna á því ári nam 2,3% af VLF. Ekki liggja fyrir spár um þróun næstu ára.

Þrátt fyrir ívið betri horfur um hagvöxt verður atvinnuleysi áfram mikið víða um heim og daufar horfur á að úr rætist á næstunni. Þannig reiknar AGS með því að atvinnuleysi á evrusvæðinu aukist á þessu ári og verði 12,3% og svipað árið 2014. Hins vegar er gert ráð fyrir að heldur dragi úr atvinnuleysi í Bandaríkjunum og það minnki úr rúmum 8% árið 2012 í 7% á næsta ári.

Efnahagslægd undanfarinna ára hefur leitt til þess að dregið hefur úr vexti alþjóðaviðskipta, sem m.a. hefur hægt á hagvexti í Kína og Indlandi. Þannig jukust alþjóðaviðskipti um 6% árið 2011, en aðeins um 2,7% árið 2012. AGS gerir ráð fyrir að vöxtur alþjóðaviðskipta muni aukast á næstu árum og verði 2,9% á þess ári og 4,9% 2014.

Miklar sveiflur hafa verið í olíuverði undanfarin ár. Það lækkaði mikið á árinu 2008 og var olía frá norska Brent-svæðinu komið niður í 40 USD á fatið eftir tugaprósenta lækkun í ársbyrjun 2009. Árin 2009 og 2010 gekk þessi lækkun til baka og verðið hefur haldist í um 120 USD á fatið. AGS gerir ráð fyrir að olíuverð muni lækka næstu 2-3 árin.

Þróun matvælavæðs var með svipuðum hætti framan af og lækkaði það hratt á síðari hluta árs 2008. Fyrri verð var endurheimt með örri hækkun þess árin 2009 og 2010 og hámarki náð í árslok 2010. Frá þeim tíma hefur matvælavæð hins vegar farið stöðugt lækkandi og nam lækkun þess 14% frá ársbyrjun 2011 til miðs árs 2013. Spá AGS um útflutningsverðlag á helstu matvælum bendir til áframhaldandi lækkunar næstu 4-5 árin.

Tafla 1. Alþjóðaeftnahagsþróun, hlutfallsleg breyting milli ára.

	Bráðbirgðatölur	Spá AGS		
	2012	2013	2014	2015
Hagvöxtur				
Heimurinn	3,2	2,9	3,6	4,0
Þróuð ríki	1,5	1,2	2,0	2,5
BNA	2,8	1,6	2,6	3,4
Evrusvæði	-0,6	-0,4	1,0	1,4
Japan	2,0	2,0	1,2	1,1
Bretland	0,2	1,4	1,9	2,0
Danmörk	-0,4	0,1	1,2	1,5
Noregur	3,0	1,6	2,3	2,3
Svíþjóð	1,0	0,9	2,3	2,3
Viðskiptalönd Íslands	0,8	0,8	1,8	2,1
Alþjóðaviðskipti	2,7	2,9	4,9	5,4
Olíuverð	1,0	-0,5	-3,0	-5,9
Álverð	-15,7	-6,2	3,8	-5,1
Matvæla-verð	-2,2	0,6	-6,4	-2,6
Verðbólga				
Heimurinn	4,0	3,8	3,8	3,6
Þróuð ríki	2,0	1,4	1,8	1,8
Evrusvæði	2,5	1,5	1,5	1,4
Viðskiptalönd Íslands	2,3	1,8	1,9	1,9
Millibankavextir				
USD, % á ári	0,7	0,4	0,6	-
Evrur, % á ári	0,6	0,2	0,5	-
Atvinnuleysi				
Þróuð ríki	8,0	8,1	8,0	7,8
Evrusvæði	11,4	12,3	12,2	12,0

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Unnið uppúr gagnagrunni World Economic Outlook. <http://www.imf.org/external/pubs/ft/weo/2013/02/weodata/index.aspx>

Verðbólga í þróuðum ríkjum er áætluð um 1,4% á þessu ári og spáð að hún aukist í 1,8% á næsta ári. Vegna aukinna efnahagssumsvifa í Bandaríkjunum er útlit fyrir heldur vaxandi verðbólgu milli 2013 og 2014 og verði hún 2%, samanborið við 1,6% í ár. Í Japan hefur verðhjöðnun ríkt um langt árabil. Vegna nýrra áherslna í peningastefnu og aukins hagvaxtar er þess nú vænst að verðhjöðnuninni linni senn og er spáð 2,9% verðbólgu í Japan á næsta ári. Norðurlöndin sem lengi vel glímdu við mun meiri verðbólgu en í samkeppnislöndunum hafa náð föstum tókum á henni. Í ár leikur verðbólga í þessum löndum á bilinu 0,3% í Svíþjóð til 2,5% í Finnlandi. Verðbólgan í Svíþjóð er vel undir verðbólgu markmiði, og er reiknað með svo verði áfram, þó hún aukist og verði 1,6% á næsta ári, eða svipuð og í Danmörku og Noregi.

2.2 Kjarasamningar og launapróun í nokkrum löndum

Við kjarasamningagerð á Norðurlöndum hefur um áratuga skeið verið litið til samkeppnisstöðu gagnvart Þýskalandi. og þar með til launabreytinga og verðbólgu þar í landi. Nýlega var lokið kjarasamningum í málmiðnaði í Þýskalandi sem jafnframt er leiðandi fyrir aðra kjarasamninga. Gerður var samningur til 20 mánaða, eða til loka árs 2014. Felur samningurinn í sér 5,6% hækkun yfir samningstímann, sem svarar til 3,3% á ársgrundvelli.

Í apríl sl. var skrifað undir iðnaðarsamning (s. industriavtal) í Svíþjóð, en samningar eru milli samflots stéttarfélaganna og atvinnurekenda í samkeppnisiðnaði. Kjarasamningurinn afmarkar það svigrúm til launahækkana sem samrýmist stöðugleika að mati samningsaðila. Samningurinn er til þriggja ára og felur í sér 6,8% hækkun launakostnaðar á samningstímanum; 2% árið 2013, 2,1% 2014 og 2,2% 2015. Auk launahækkana felst í samningnum einnig hækkun á óbeinum launakostnaði, einkum lífeyrisframlögum, sem gerir launþega sem eru 60 ára eða eldri kleift að fara í hlutastarf (s. delpension). Þessi kjarasamningur er leiðandi fyrir sænskan vinnumarkað í heild og er kjarasamningalotunni að mestu lokið með framangreindri niðurstöðu á öllum samningssviðum.


Finnar hafa gengið í gegnum efnahagsþrengingar og misst samkeppnismátt í mikilvægum greinum. Í lok ágúst sl. gerðu heildarsamtökin á finnska vinnumarkaðnum rammakjarasamning með aukna atvinnu og hagvöxt að markmiði. Samningurinn tekur mið af þeim erfiðleikum og óvissu sem finnskur þjóðarþúskaþur stendur frammi fyrir. Fyrsta samningstímabilið er til tveggja ára

¹ Þetta er rakið í *Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum*. Skýrsla vinnuhóps aðila vinnumarkaðarins. Maí 2013

og felur í sér tvær launahækkunarir. Sú fyrri felur í sér 20 evra hækkun mánaðarlauna sem kemur til framkvæmda fjórum mánuðum eftir að samningurinn tekur gildi og ári síðar hækka laun almennt um 0,4%. Í lok fyrsta samningstímabilsins eða í júní 2015 er áformað að samningsaðilar meti í sameiningu, og í samráði við óháða sérfræðinga, stöðu efnahagsmála með áherslu á aukinn útflutning og bætt samkeppnishæfni. Sú yfirferð verður grundvöllur að launabreytingum á síðara samningstímabilinu sem nær til 12 mánaða.

Mynd 1 sýnir þróun kaupmáttar í iðnaði hér á landi og í nokkrum löndum frá 2006 til annars ársfjórðungs 2013. Kaupmáttur hér á landi á ársfjórðungi var rösklega 1% minni en árið 2006, þrátt fyrir að laun hefðu hækkað um 57%. Í Bretlandi og Bandaríkjunum er kaupmáttur nánast óbreyttur frá 2005. Noregur er, sem vænta má, sér á báti með 23% kaupmáttaraukningu. Jafn stigandi er í kaupmætti í Svíþjóð og Danmörku um 1-2% á ári, en í þessum löndum hækkuðu laun um 20-25% á umræddu tímabili.

Mynd 1 Þróun kaupmáttar tímalagna í iðnaði í nokkrum löndum



▪ Heimild: OECD.

Þróun efnahagsmála í umheiminum skiptir miklu fyrir lítið, opið hagkerfi eins og það íslenska. Í fyrsta lagi má nefna verðþróun helstu útflutningsafurða, s.s. sjávarafurða og áls. Í öðru lagi hefur verð á innfluttum vörum mikil áhrif á verðbólgu innanlands. Í þriðja lagi á ferðaþjónustan mikið undir þróun kaupgetu í helstu viðskiptalöndum. Í fjórða lagi hefur staða gjaldeyris- og peningamála á alþjóðavísu mikil áhrif á erlendar fjárfestingar hér á landi á næstu árum og á endurfjármögnun erlendra lána innlendra aðila.

Þótt í nýjustu spám alþjóðastofnana glitti í nokkurn viðsnúning í hagþróun er engu að síður ljóst að alþjóðlegur hagvöxtur og verðþróun á mikilvægum mörkuðum er fjarri því að vera viðunandi. Ekki verður séð að alþjóðleg efnahagsþróun verði mikil lyftistöng fyrir íslenskan þjóðarbúskap á næstu misserum.

3 Innlend efnahagsþróun

Þegar innlend efnahagsþróun er borin saman við þróun í helstu samanburðarlöndum kemur í ljós að hagvöxtur hefur verið ívið meiri hér á landi og atvinnuleysi gengið hraðar niður á undanförunum 4-5 árum. Hins vegar blasir við að fjárfesting er hér miklu minni og efnahags- og gengissveiflur og verðbólga mun meiri. Margvísleg úrlausnarefni í efnahagsmálum okkar eiga sér enga hliðstæðu meðal annarra ríkja og bera þar auðvitað hæst fjármagnshöftin og óuppgerðir reikningar vegna hruns fjármálakerfisins.

3.1 Ástand og horfur í efnahagsmálum

3.1.1 Hagvöxtur

Árin 2009 og 2010 reið yfir meiri efnahagssamdráttur en dæmi eru um hér á landi. Á mælikvarða landsframleiðslu var samdrátturinn 10,4% samtals. Ef litið er til vergra þjóðartekna var samdrátturinn miklu meiri, 18% árið 2008 og 9,1% 2009 eða samtals 25,5%. Munurinn liggur annars vegar í neikvæðum áhrifum vegna lakari viðskiptakjara og hins vegar í mikilli hækkun vaxtagjalda til útlanda sem koma fram í þjóðartekjum en ekki í landsframleiðslu.

Hagvöxtur tók við af samdrætti árið 2011 og mældist hann þá 2,9%, en árið 2012 olli vonbrigðum með aðeins 1,4% hagvexti. Til samanburðar má nefna að fyrstu spár Seðlabankans um hagvöxt 2012 hljóðuðu upp á 3,7% hagvöxt.

Bráðabirgðatölur Hagstofu um landsframleiðslu á fyrri hluta þessa árs benda til 2,2% hagvaxtar frá sama tímabili í fyrra. Ferðapjónustan, þ.e. þjónustuútflutningur, er helsti aflvaki þessa hagvaxtar. Fjárfesting í heild dregst saman, en taka þarf tillit til mikils innflutnings skipa og flugvéla í fyrra. Að þeim frátöldum, kemur í ljós um 4% aukning fjárfestinga.

3.1.2 Einkaneysla og samneysla

Í kjölfar hrunsins dróst einkaneysla mikið saman, eða um rösklega 20%. Einkaneysla tók við sér árin 2011 og 2012 og jókst um 2,5% hvort árið. Úttekt viðbótar lífeyrissparnaðar er talin til ráðstöfunartekna og má ætla að hún hafi numið um 1,5% af ráðstöfunartekjum heimilanna, að teknu tilliti til tekjuskatta. Þessi vaxtarhvatni hefur minnkað verulega og skv. gildandi lögum rennur þessi heimild út í lok árs 2013. Þá eru vísbendingar um að heimilin hafi einnig gengið mikið á annan sparnað.

Aðhald í fjármálum ríkis og sveitarfélaga hefur óhjákvæmileg haft í för með sér

samdrátt samneyslu. Að magni til minnkaði samneysla um tæp 7% frá 2008 til 2012 og þar af hefur samneysla ríkisins minnkað um 10% en sveitarfélaganna um 1,5%.²

3.1.3 Fjárfestingar

Algjört hrun varð í fjárfestingum í kjölfar hrunsins. Að magni til nam samdrátturinn 55% frá 2008 til 2010 og sem hlutfall af landsframleiðslu fóru fjárfestingar úr 24% árið 2008 í 12,7% árið 2010.

Kjarasamningar ársins 2011 byggðu á forsendu um verulegan viðsnúning í þjóðarþúskaðum, þar sem fjárfestingar myndu aukast verulega og útflutningur taka við sér í kjölfarið. Stefnt var að því að hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu myndi nálgast sögulegt meðaltal og verða 20% í lok samningstímans. Þetta markmið náðist ekki. Árin 2011 og 2012 námu fjárfestingar í heild 14,1% og 14,5% af landsframleiðslu. Á þessu ári reiknar Seðlabankinn með 13,8% hlutfalli, þannig að 20% markmiðið sem að var stefnt er jafn fjarlæggt og árið 2011.

Ljóst er að svo lágt fjárfestingarstig er ógn við alla hagþróun og velferð þjóðarinnar. Árlegar afskriftir fjármunaeigna skv. þjóðhagsreikningum hafa numið 15-17% undanfarin ár og blasir því við að fjárfesting hefur ekki dugað til að viðhalda fjármagnsstofninum. Framleiðslugeta þjóðarþúskaðs hefur því minnkað umtalsvert, sem kemur niður á framleiðni og nýsköpun í bráð og lengd.

3.1.4 Útflutningur

Milli árána 2008 og 2012 jókst útflutningur um 16% að magni til á sama tíma og landsframleiðslan dróst saman um 6,7%. Innflutningur vöru og þjónustu minnkaði á sama tímabili um 11%. Útflutningur vöru og þó einkum þjónustu hefur því dregið vagninn frá hrúni. Mestu munar þar um hlut ferðaþjónustunnar sem hefur vaxið langt umfram væntingar og hvert metið á fætur öðru verið slegið í komu erlendra ferðamanna. Ferðaþjónusta aflar nú um fjórðungs gjaldeyrstekna, samanborið við 11% árin 2007 og 2008 og nálgast hratt 27,4% hlutdeild sjávarútvegs. Ástand sjávar og helstu nytjastofna hefur batnað frá upphafi efnahagskreppunnar. Aflaheimildir í þorski voru í sögulegu lágmarki fiskveiðiárin 2007/2008 og 2008/2009 og stóðu þá í 122 þúsund tonnum. Aflaheimildir hafa aukist ár frá ári og á nýbyrjuðu fiskveiðiári er úthlutað 189 þúsund tonnum og er aukningin frá 2007-2009 um 65 þúsund tonn eða 52%. Aukning aflaheimilda í heild (í þorskígildistonnum) er um 30%. Veiðar á makríl hafa einnig skipt miklu,


² Í þessu samhengi ber að nefna að í ársbyrjun 2011 var þjónusta við fatlað fólk flutt frá ríki til sveitarfélaga.

sem sést á því verðmæti makrilaflans var um 12% af heildaraflaverðmæti árið 2011 og um 9% árið 2012.

3.1.5 Verð sjávarafurða

Verðlag sjávarafurða hefur verið hagstætt. Eins og mynd 2 sýnir hækkaði einkum verð uppsjávarafurða, eða sem nam um 75% á föstu gengi frá júlí 2009 til jafnlangdar 2013. Þekkt er að miklar sveiflur eru í mjöl- og lýsisverði og mun meiri en í botnfiskverði. Verð botnfiskafurða náði hámarki undir lok árs 2011 og hefur það heldur gefið eftir síðan þá. Í júlí sl. var verð sjávarafurða í erlendri mynt um 6% lægra en á sama tíma í fyrra og botnfiskverð 9% lægra. Skýringarnar liggja í þróun alþjóðlegs matvælavæðs og auknu framboði af þorski úr Barentshafi.

Mynd 2. Verðvísitala sjávarafurða á föstu gengi.




- Heimild: Seðlabanki Íslands.

3.1.6 Viðskiptajöfnuður og greiðslubyrði erlendra skulda

Þung greiðslubyrði erlendra lána á næstu árum er ógn við stöðugleika og framþróun þjóðarbúskaparins. Alls er um að ræða 930 ma.kr. afborganir sem eru á gjalddaga á næstu 7 árum eða að meðaltali 133 ma.kr. á ári. En til samanburðar var landsframleiðslan 2012 um 1.700 ma.kr. Engar líkur eru á að viðskiptaafgangur verði nægur fyrir þessum afborgunum og augljóst að endurfjármagna verður skuldir. Engu að síður gerir þessi staða ríkar kröfur um bætta samkeppnisstöðu þjóðarbúskaparins og um aukna útflutningsstarfsemi.

Mynd 3. Afborganir erlendra lána samkvæmt lánasamningum í milljörðum króna eftir helstu lántakendum.



- Heimild: Seðlabanki Íslands.

3.1.7 Gengi krónunnar


Rót gengishrunsins, sem hófst á fyrstu mánuðum ársins 2008, má rekja til mikils viðskiptahalla, fjármögnunarörðugleika gömlu bankanna og minnkandi tiltrúar á íslenskum fjármálafyrirtækjum á alþjóðlegum fjármálamarkaði sem að lokum fóru í þrot. Í kjölfar hrunsins var fjármagnshöftum komið á til að verja krónuna og gjaldeyrisforðann. Höft eru andstæða frjáls markaðar. Í fjármagnshöftum eru áhrif markaðar á verðmyndun gjaldeyris takmörkuð og tengsl milli vaxta og gengis hafa rofnað að mestu. Gengi krónunnar ræðst af framboði gjaldeyris, sem fyrst og fremst byggist á útflutningstekjum, og eftirspurn markast af þungri greiðslubyrði erlendra skulda.

Eftir gengishrunið á árinu 2008 tók gengi krónunnar að styrkjast fram til loka árs 2010, en lækkaði á nýjan leik fram á mitt ár 2011. Í kjölfarið jókst verðbólga og fór 12 mánaða hraði hennar úr 2% í 5%. Gengislækkunartímabil stóð yfir fram á fyrsta ársfjórðung 2012 og fór gengisvísitalan í um 230 stig í apríl það ár. Gengið hækkaði síðan á ný fram yfir mitt ár 2012 og fór vísitalan niður fyrir 210 stig í ágúst og verðbólga hjaðnaði í 4%. Þrátt fyrir snarpa gengislækkun sem náði hámarki í janúar 2013 hélst verðbólga í kringum 4%. Fram til aprílmánaðar 2013 lækkaði verðbólga áfram og varð 3,5%. Gengið lækkaði aftur í sumarbyrjun og hefur haldist í um 215-220 vísitölustigum á haustmánuðum. Í kjölfarið jókst árstaktur verðbólgu og er á ný kominn í 4%.

Vafasamt er að tala um gjaldeyrismarkað eftir hrun innan fjármagnshafta. Viðskipti með gjaldeyri eru mjög lítil miðað við það sem áður var. Skilaskylda er á gjaldeyrstekjum útlutningsfyrirtækja og framboðið takmarkast af tekjum þeirra. Virðist nú sem nokkurrar árstíðasveiflu gæti í gengi krónunnar þannig að gengið hefur tilhneingingu til að veikjast á vormánuðum, styrkjast yfir sumartímann með auknum ferðamannastraumi fram í september og veikjast eftir það. Með grynri gjaldeyrismarkaði hefur Seðlabankinn einnig getað haft áhrif á markaðinn, bæði með því að kaupa og selja gjaldeyri og með því að hafa afskipti af aðilum sem safnað hafa gjaldeyri til að standa undir greiðslum af erlendum lánum. Er hér einkum um Landsbankann að ræða. Seðlabankinn hefur í auknum mæli, í ár og í fyrra, reynt að draga úr sveiflum í gengi með inngrípum á markaði og þannig stuðlað að auknum gengisstöðugleika.

Ein forsenda kjarasamninganna 2011 var að gengi krónunnar yrði komið í 190 gengisvísitölustig í lok árs 2012. Í þessari forsendu fólst gengisstyrking um 15% og var augljóst að svo mikil styrking hefði dregið mjög úr verðbólguáhrifum kjarasamninganna. Þessi forsenda stóðst ekki og eru skiptar skoðanir á því hversu raunhæf hún var.

Mynd 4. Verðbólga, gengi og launabreytingar.



▪ Heimild: Hagstofa Íslands. Seðlabanki Íslands.


Gengishrunið 2008 og 2009 kallaði fram einhverjar mestu raungengisbreytingar sem sögur fara af. Frá 2007 til 2009 lækkaði raungengi krónunnar um 35%, miðað við hlutfallslegt verðlag hér á landi og í viðskiptalöndunum, og um 45%. Mikil raungengislækkun varð einnig árin 1988-1994, en þá lækkaði raungengi miðað við verðlag um 18% og um 34% á mælikvarða launa. Raungengislækkun

stýrkir samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs gagnvart erlendu. Erlend vara verður hlutfallslega dýrari hér á landi og innlent vinnuafli ódýrara. Hin hliðin er sú að kaupmáttur launa minnkar.

Þáttatekjur eru samtala launa og tengdra gjalda og rekstrarafgangs. Þegar orðinu „vergur“ er skeytt framan við er vísað til þess að afskriftir séu meðtaldar í rekstrarafgangi. Rekstrarafgangur er það sem fyrirtækið hefur upp í hagnað að teknu tilliti til afskrifta, skatta og fjármagnsgjalda. Hlutur launa í vergum þáttatekjum er hugtak sem oft er notað til að lýsa tekjuskiptingunni í samfélaginu. Mynd 5 sýnir að hlutur launa jókst hröðum skrefum í upphafi aldarinnar og var kominn í tæp 73% árið 2007. Hlutfallið lækkaði með hrininu næstu tvö árin og var 56,9% árið 2009. Frá 2009 hefur hlutfallið hækkað árlega og var 62,7% árið 2012 sem er vel undir langtímameðaltali.

Samhengið milli raungengisins á mælikvarða launa og launahlutfallsins er skýrt, eins og sést á mynd 5. Fram til 2007 hækkuðu bæði raungengið og launahlutfallið í svipuðum takti. Báðar stærðir lækkuðu fram til 2009, en raungengið þó sýnu meira. En frá þeim tíma hafa báðar stærðir hækkað í jöfnum takti.

Mynd 5. Hlutur launa í vergum þáttatekjum og raungengi m.v. laun.



- Heimild: Hagstofa Íslands. Seðlabanki Íslands.


3.2 Helstu spár um efnahagsþróun 2013 - 2015

3.2.1 Hagvöxtur

Fyrir liggja nokkrar nýlegar spár um efnahagsþróun hér á landi til næstu ára. Þrátt fyrir töluverða óvissu um framvindu efnahagsmála eru spárnar svipaðar hvað varðar mat á hagvexti og öðrum hagstærðum. Spáð er meðalhagvexti bilinu 2-3% árin 2014-2015. Landsbankinn leggur fram mjög bjartsýna hagvaxtarspá fyrir bæði árin 2014 og 2015. Spá ASÍ er við lægri mörkin, sem skýrist af mjög lágri hagvaxtarspá fyrir 2014. Hagvaxtarspár Seðlabankans og Hagstofunnar eru mjög svipaðar.

Nýleg mannfjöldaspá Hagstofu gerir ráð fyrir að fólki á vinnualdri (20-69 ára) fjölgi um 0,7% á ári á tímabilinu 2012 til 2015 og því fela þessar spár í sér 1,3-1,8% hagvöxt á vinnandi mann, að gefinni forsendu um óbreytta atvinnuþátttöku og atvinnuleysi.

Mynd 6. Helstu spár: Hagvöxtur



- Heimild: Spáaðilar.

3.2.2 Fjárfesting

Allar hagspár frá hruni hafa markast af óvissu um tímasetningu stórframkvæmda. Aftur og aftur hafa spáaðilar endurskoðað forsendur sínar um upphaf framkvæmda, s.s. í Helguvík, á Bakka og í tilteknum opinberum framkvæmdum, og þar með lækkað hagvaxtarspár sínar. Fyrirliggjandi spár eru því merki

brenndar að forsendur um upphaf stórframkvæmda skipta sköpum um framvindu efnahagsmála á spátímanum.


Sammerkt er öllum spám að fjárfestingar í heild muni minnka á þessu ári og það jafnvel verulega. Þannig meta spáaðilar að atvinnuvegafjárfesting muni dragast saman um 14-24%. Mestu skipta einskíptis fjárfestingar á árinu 2012, í skipum og flugvélum, auk þess sem stóriðjutengd fjárfesting dregst saman.

Nú gera allar spár ráð fyrir að framkvæmdir í Helguvík og á Bakka hefjist á næsta ári og nái hámarki á árinu 2015. Eins og mynd 7 sýnir er þó nokkur munur á mati spáaðila á fjárfestingu árin 2014 og 2015 og virðist munurinn einkum liggja í tímasetningu stóriðjuframkvæmda.

Þrátt fyrir umtalsverða magnaukningu fjárfestinga er enn langt í að markmiðið um að fimmtungi landsframleiðslu verði varið til fjárfestinga. Þannig reiknar Seðlabankinn með að þetta hlutfall verði 16,9% árið 2015 og að fjárfestingar atvinnuveganna verði 10,3% það ár, samanborið við 7,5% 2013.

Forsendur um fjárfestingu hins opinbera eru mjög mismunandi frá einni spá til annarrar. Mestu skiptir hvort gert sé ráð fyrir stórframkvæmdum á vegum hins opinbera, einkum byggingar nýs Landspítala, og tímasetningu þeirrar framkvæmdar. Meðalaukning opinberra fjárfestinga næstu 3 árin er um 9% í þessum spám. Nú liggur fyrir að áform um byggingu nýs Landspítala hafa verið lögð til hliðar, a.m.k. um sinn.

Mynd 7. Helstu spár: Fjármunamyndun




- Heimild: Spáaðilar.

3.2.3 Neysla

Til langframa ræðst einkaneysla fyrst og fremst af kaupmætti ráðstöfunartekna heimilanna og væntingum þeirra um þróun hans. Við núverandi aðstæður hafa skuldir heimilanna og þróun eignaverðs einnig umtalsverð áhrif. Heimilin urðu fyrir miklum búsifjum vegna verðbólguþröskots í kjölfar hruns gengis krónunnar og lækkun fasteignaverðs. Þótt nettó eignastaða heimilanna hafi batnað á undanförunum tveimur árum hamlar hún engu að síður einkaneyslu. Í stefnuýfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar eru gefin fyrirheit um verulega lækkun skulda heimilanna. Viðbúið er að slík aðgerð muni örva einkaneyslu og eignamarkaði, en vegna óvissu um tímasetningu og útfærslu virðast þau áform ekki rata inn í spár um einkaneyslu.

Mynd 8. Helstu spár: Einkaneysla




▪ Heimild: Spáaðilar.

Afar hægan vöxt samneyslu er að finna í öllum spám, eða 0,5-1% á ári.

3.2.4 Utanríkisviðskipti

Spár um útflutning vöru og þjónustu eru nokkuð mismunandi eftir spáaðilum. Meðaltals vöxtur á ári er 2,9%, en umtalsverð frávik eru frá því. Spá ASÍ er sem fyrr langsvartsýnust, með aðeins 1,4% vöxt að jafnaði, en Landsbankinn og AGS spá mestum vexti, 4%.


Mynd 9. Helstu spár: Útflutningur vöru og þjónustu



- Heimild: Spáaðilar.

Spár um innflutning vöru og þjónustu markast af breytingum þjóðarútgjalda; neyslu og fjárfestingar. Á þessu ári mun innflutningur vaxa lítið eða jafnvel dragast saman, en eftir því sem fjárfestingar í stóriðju aukast mun innflutningur vaxa.

Mynd 10. Helstu spár: Innflutningur vöru og þjónustu.



- Heimild: Spáaðilar.


3.2.5 Viðskiptakjör

Blikur eru á lofti um verðþróun á helstu útflutningsafurðum Þjóðarinnar. Álverð hefur lækkað skarpt frá vormánuðum 2011 og var verðið á tonni af áli í lok ágúst sl. um 1.820 USD, samanborið við 2.600 USD í apríl 2011. Seðlabankinn reiknar með að álverð lækki um 7% í ár en gerir ráð fyrir 3% hækkun á næstu tveimur árum. Í kafla 3.1.5. hér að framan er verðþróun sjávarafurða rakin. Seðlabankinn gerir ráð fyrir að meðalverð sjávarafurða lækki um 4% í ár og um 2% árið 2014.

Á móti óhagstæðri þróun útflutningsverðs vegur að nokkru að olíuverð hefur farið lækkandi og reiknað er með að meðalverð á olíu lækki um 4,5% á þessu ári og lækki enn um 4% árið 2014.

Seðlabankinn spáir því að viðskiptakjör vöru og þjónustu muni rýrna um 3% í ár og um 1-1,5% árlega 2014 og 2015. Samkvæmt spánni má gera ráð fyrir að viðskiptakjör verði 5½-6% lakari árið 2015 en árið 2012. Í spá Hagstofunnar er ekki dregin eins dökk mynd af horfum um viðskiptakjör og gerir hún ráð fyrir að viðskiptakjörin versni um 1,3% í ár og lítillega árið 2014 og haldist óbreytt næstu árin þar á eftir.

Mynd 11. Vísitala viðskiptakjara vöru og þjónustu 2006-2015




- Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands.

3.2.6 Þjóðartekjur og landstekjur

Áhugavert er að skoða áhrif viðskiptakjara á þjóðhagsstærðir. Þegar þjóðhagsreikningatölur eru færðar á fast verðlag er hver liður staðvurtur með eigin verðlagsvísitölu, og þannig fundnar magnstærðir sem eru óháðar verðbreytingum. Innflutningur er færður til fasts verðlags með verðvísitölu innflutnings og útflutningur með verðvísitölu útflutnings. Viðskiptakjaraáhrifin má finna með því að deila verðvísitölu verðvísitölu útflutnings með verðvísitölu innflutnings, og þannig fæst kaupmáttur útflutnings gagnvart innflutningi. Þegar viðskiptakjaraáhrifunum er bætt við landsframleiðsluna fæst hugtak sem nefnt hefur verið landstekjur. Hugtakið landstekjur lýsir betur árangri efnahagslífsins í opnu hagkerfi en landsframleiðsla, þar sem tillit er tekið til kaupmáttar útflutnings gagnvart innflutningi. Áhrif viðskiptakjara hafa reynst veruleg til lækkunar landstekna og raunar svo mikil að sá hagvöxtur, vöxtur landsframleiðslu undanfarin ár, hverfur að mestu. Þetta sést á mynd 12. Landstekjurnar lækka meira en landsframleiðslan árin 2009 og 2010, og jafnframt er enginn vöxtur milli árunna 2011 og 2012 á sama tíma landsframleiðslan sýnir 1,4% hagvöxt.

Mynd 12. Vísitölur landsframleiðslu og landstekna



- Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar

Skilgreiningar

Verg landsframleiðsla (VLF) mælir verðmæti þess sem framleitt er í landinu. Með vergri þjóðarframleiðslu (VÞF) er átt við þær tekjur sem þjóðin hefur af eigin framleiðslu auk þeirra tekna sem hún aflar utan landsteinanna. VÞF fæst með því að bæta sk. nettóþáttatekjum við VLF. Þáttatekjur eru launatekjur, arður og vextir. Vegna mikillar skuldsetningar þjóðarbúsins eru nettóþáttatekjur neikvæðar á Íslandi og því er VLF hærri en VÞF. Í þessu felst að arður af fyrirtækjum í eigu erlendra aðila telst með í VLF en ekki í VÞF. Enn mikilvægara þó er að vextir sem Íslendingar greiða til erlendra aðila dragast frá VLF þegar VÞF er reiknuð.

VLF er oftast reiknuð út frá ráðstöfunarhlið, þ.e. lögð eru saman útgjöld þjóðarinnar og útflutningur vöru og þjónustu, og innflutningur vöru og þjónustu er dreginn frá. Þá fæst hver framleiðslan er í landinu. Útgjöld þjóðarinnar skiptast í einkaneyslu, samneyslu, fjárfestingu og birgðabreytingar.

Hagvöxtur er breyting VLF á föstu verðlagi milli ára. Þegar þjóðhagsreikningatölur eru færðar á fast verðlag er hver liður staðvirtur með eigin verðlagsvísitölu, og þannig fundnar magnstærðir sem eru óháðar verðbreytingum. Þannig eru einkaneysluútgjöld færð á fast verðlag með verðvísitölu einkaneyslu, innflutningur með vísitölu innflutnings og útflutningur með vísitölu útflutnings.

Viðskiptakjör sýna kaupmátt útflutnings gagnvart innflutningi, þ.e. verðvísitölu útflutnings er deilt með verðvísitölu innflutnings. Ef útflutningsverðlag hækkar meira en innflutningsverðlag geta landsmenn keypt meira magn innflutningsvara fyrir útflutningsvörurnar og þjóðarhagur batnar.

Landstekjur er hugtak sem sjaldan er notað, en er gagnlegt því það sýnir kaupmátt verðmætasköpunar þjóðarinnar. Það fæst með því að bæta áhrifum breytinga viðskiptakjara við landsframleiðsluna (VLF).

Þjóðartekjur fást með því að bæta áhrifum breytinga viðskiptakjara við þjóðarframleiðsluna (VÞF). Munurinn á þjóðartekjum og landstekjum felst í þáttatekjum. Í þjóðartekjunum eru nettóþáttatekjur meðtaldar, en ekki í landstekjum.

Með launum og tengdum gjöldum er átt við greiðslur í peningum eða fríðindum frá atvinnurekstrinum til launþega fyrir vinnuframlag. Með tengdum gjöldum er átt við tryggingagjöld, iðgjöld í lífeyrissjóði, sjúkra-, orlofs-, fræðslu og starfsendurhæfingarsjóði.


3.2.7 Viðskiptajöfnuður

Við mörkun efnahags- og atvinnustefnu verður lítið opið hagkerfi eins og hið íslenska að líta mjög til jöfnuðar í viðskiptum við útlönd. Þetta markmið er enn mikilvægara fyrir þjóð sem býr við óstöðugan gjaldmiðil og þunga greiðslubyrði erlendra lána.

Markmið um jöfnuð í viðskiptum við útlönd takmarkar svigrúm til aukinna útgjalda innanlands og gerir jafnframt kröfu um að gætt sé að samkeppnisstöðu atvinnulífs, bæði á erlendum markaði og í þeim greinum sem eiga í samkeppni við innflutning.

Viðskiptajöfnuður er samtala þriggja undirliða; vöruskiptajöfnuðar, þjónustujöfnuðar og jöfnuðar þáttatekna. Stóri liðurinn í þáttatekjujöfnuði eru vaxtagreiðslur af erlendum lánum. Ljóst er að hluti krafna á þjóðarbúskapinn vegna föllnu bankanna munu aldrei greiðast og því verða engir vextir greiddir af þeim. Það gefur því réttari mynd af kröfum á þjóðarbúið og viðskiptajöfnuði að draga þennan lið frá. Lyfjafyrirtækið Actavis er íslenskur lögaðili og því færast eignir þess og skuldir á efnahagsreikning þjóðarbúsins. Fyrirtækið starfar hins vegar að langmestu leyti erlendis og er í eigu erlendra aðila. Actavis skuldar stórar fjárhæðir, en í ljósi starfsstöðvar og eignarhalds verða hvorki skuldirnar né vextir af þeim greiddar af aflafé íslensks þjóðarbús. Sumir spáaðilar leggja fram spár um viðskiptajöfnuð án þessara vaxtagreiðslna, en aðrir gera það ekki. Mynd 13 sýnir spár um viðskiptajöfnuð, án innlánsstofnana í slitameðferð og Actavis, sem hlutfall af landsframleiðslu. Landsbanki og Íslandsbanki gera ráð fyrir töluverðum afgangi á viðskiptajöfnuði öll árin, en Seðlabanki og AGS eru mun svartýnni.

Mynd 13. Helstu spár: Viðskiptajöfnuður án innlánsstofnana í slitameðferð og Actavis, % af landsframleiðslu



- Heimild: Spáaðilar.

3.2.8 Laun, verðbólga og gengi


Forsendur um launapróun og innflutningsverð, þ.m.t. gengi, eru veigamestu þættirnir í verðbólguþáttum. Þegar litið er yfir fyrirliggjandi spár blasir við að þær eiga það sammerkt að gengi krónunnar er tiltölulega stöðugt og forsendur um launahækkanir eru keimlíkar. Aðeins ASÍ birtir ekki forsendu eða spá um launahækkanir og Landsbankinn er með heldur lægri spá um launahækkanir en aðrir spáaðilar. Spárnar gera ráð fyrir að laun hækki 2013-2015 um 5-5½% á ári að meðaltali. Þessi forsenda virðist byggja á u.þ.b. 2% kaupmáttarauka ofan á væntingar um 3-3,5% verðbólgu. Spá Landsbankans hljóðar upp á kaupmáttaukningu upp á 1,4% á ári að meðaltali, en spáir svipaðri verðbólgu og aðrir.

Framangreind forsenda um launahækkanir skiptir sköpum um þá efnahagsþróun sem teiknuð er upp í þessum spám, s.s. verðbólgu, vexti, gengi, viðskiptajöfnuð, fjárfestingu og atvinnu. Í engum af fyrirliggjandi spám er að finna sviðsmyndir um aðra launapróun og þær afleiðingar á helstu efnahagsstærðir sem af myndu hljóttast. Í ljósi þess hve mikil áhrif þessi forsenda hefur er nauðsynlegt að greina áhrif annarra launaferla á helstu hagstærðir.

Spár um verðbólgu til ársins 2015 gera ráð fyrir 3-4% verðbólgu að jafnaði á ári. Verðbólguvæntingar eru ívið hærri en þessar spár og kann það að torvelða hjöðnun verðbólgu. Þannig nema verðbólguvæntingar heimila næstu 12 mánuði

5%, en stærri fyrirtækja og aðila á fjármagnsmarkaði 4%. Væntingar hinna síðarnefndu um verðbólgu eftir 5 og 10 ár eru um eða rétt yfir 4%.

Mynd 14. Helstu spár: verðbólga.




▪ Heimild: Spáaðilar.

Spár gera ekki ráð fyrir miklum breytingum á gengi krónunnar. Þannig gerir Hagstofan ráð fyrir að gengisvísitalan verði 220 stig í upphafi og lok spátímabilsins. Seðlabankinn og ASÍ gera ráð fyrir að gengið styrkist, fyrrnefndi aðilinn 3% gengishækkun yfir spátímabilið og sá síðarnefndi 2% (217 stig). Þetta horfir öðruvísi við viðskiptabönkunum sem báðir reikna með að gengið lækki. Spá Íslandsbanka felur í sér að gengisvísitalan verði 221 stig í lok spátímabilsins, en Landsbankinn reiknar með mun meiri gengislækkun og að vísitalan standi í 232 stigum árið 2015.

Engar sviðsmyndir um aðra gengisþróun liggja fyrir í spám þeim sem fjallað er um hér. Gengisforsendur þeirra halda uppi verðbólguvæntingum með viðlíka hætti og forsendan um launahækkanir. Í ljósi þess hve mikil áhrif gengisforsendur hafa er mikilvægt að áhrif annarra gengisferla á helstu hagstærðir verði greindar, s.s. verðbólgu, vexti, gengi, viðskiptajöfnuð, fjárfestingu og atvinnu.

Líklega skipta fáar hagstærðir jafn miklu og raungengið nú um stundir, enda er það afgerandi um skiptingu þjóðarkökunnar. Þessari hagstærð er þó ekki spáð með beinum hætti hjá spáaðilum, en eftirfarandi mynd er unnin upp úr spám um verðbólgu hér á landi, gengisþróun og spá Hagstofu um verðbólgu erlendis.

Mynd 15. Helstu spár: Vísitala raungengis krónunnar.




- Heimild: Spáaðilar.

ASÍ og Seðlabanki gera ráð fyrir að raungengi hækki um 8-9% á spátímanum, Hagstofa, Landsbanki og AGS að það hækki um 3-4%, en Landsbanki að raungengi verði óbreytt allan tímann.

3.2.9 Vinnumarkaður

Fyrirliggjandi spár birta aðeins tölur um atvinnuleysi en ekki um fjölgun starfandi fólks eða um atvinnuþátttöku, en þær hagstærðir eru jafnvel mikilvægari en atvinnuleysi um þessar mundir. Sammerkt er öllum spám að líta til skráðs atvinnuleysis Vinnuálfstofnunar, fremur en kannaðs atvinnuleysis Hagstofu. Spáaðilar eru nokkuð á einu máli um horfur um atvinnuleysi, eins og mynd 16 ber með sér. Því er spáð að á árinu 2014 verði atvinnuleysi 4-4,25% og lækki niður í 3,5-4,5% árið 2015.

Mynd 16. Helstu hagspár: atvinnuleysi, % af mannafla.



- Heimild: Spáaðilar.



4 Sviðsmyndir um efnahagsþróun

Hagspár draga upp sviðsmyndir þar sem meðal annars rakin eru áhrif tiltekinna gefinna forsendna á helstu hagstærðir. Meðal mikilvægustu forsendna eru þróun launa og gengis. Þær skipta sköpum um þá mynd af efnahagsþróun sem dregin er upp varðandi verðbólgu, kaupmátt launa, vexti, gengi, viðskiptajöfnuð, fjárfestingar og atvinnu á komandi árum. Í kafla 3.2.8 er gerð grein fyrir forsendum spáaðila um launahækkanir í fyrirbyggjandi spám og ljóst að sitt sýnist hverjum um hversu raunhæfar þær eru. Sama á við um gengi krónunnar sem hefur verið undirrot óvissu og óstöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Spár sex aðila, sem að framan hafa verið raktar, draga upp eftirfarandi sviðsmyndir af horfum í þjóðarþróunum (í heilum og hálfum prósentum):

- Hagvöxtur verði 1-2% á þessu ári, 1,5-4% árið 2014 og 2-3,5% árið 2015.
- Fjárfestingar breytist um -11% til 4% á þessu ári, aukist um 13-28% árið 2014 og um 11-22% árið 2015.
- Einkaneysla aukist um 1,5-2% á þessu ári, 1,5-3% árið 2014 og 2-3% árið 2015.
- Útflutningur aukist um 2-5% á þessu ári, 1-4% árið 2014 og 1-4% árið 2015.
- Innflutningur vaxi um 0-1% á þessu ári, 3-6% árið 2014 og 4-6% árið 2015.
- Viðskiptakjör versni um 1-3% á þessu ári og versni áfram um 0-2% á næstu tveimur árum (aðeins Hagstofa og Seðlabanki spá viðskiptakjörum).
- Viðskiptajöfnuður verði á bilinu -1% til +8% af VLF á þessu ári, -2 til +6% árið 2014 og -3% til +6 2015.
- Atvinnuleysi (skráð hjá Vinnuálastofnun) verði 4,5-5% á þessu ári, 4-4,5% árið 2014 og 3,5-4,5% árið 2015.
- Verðbólga verði 3,5-4,5% á þessu ári, 3-4% árið 2014 og 2,5-3,5% árið 2015.
- Kaupmáttur launa vaxi um 1-2% á þessu ári, 1,5-3% árið 2014 og 1,5-2,5% árið 2015.

Spár aðilanna eru á allbreiðu bili um marga þætti og ber vitni um þá mikla óvissu sem ríkir um mögulega þróun. Um forsendur um launa- og gengisþróun virðist hins vegar ríkja nokkur einhugur meðal spáaðilanna. Sú staðreynd verður þó ekki rakin til þess að minni óvissa ríki um launa- og verðlagsþróun en aðra þætti.

Fæstir spáaðilanna gera spár á grundvelli annarra efnahagsstærða um launa- og gengisþróun heldur gefa sér forsendur um þróun þeirra. Þessar forsendur hafa síðan afgerandi áhrif á verðbólguþróun. Þá birta þeir yfirleitt ekki heldur spár um vexti. Forsendur spáaðilanna um launa- og gengisþróun árin 2013-2015 eru eftirfarandi (í heilum og hálfum prósentum):

- Launavísitalan hækki um 4,5-6% á þessu ári, 5-6% á næsta ári og um 4,5-6% árið 2015.
- Gengisvísitala krónunnar breytist á bilinu -2% til 2% (lækkun vísitölunnar = styrking gengis), -og á bilinu -1% til 1% bæði árin 2014 og 2015.

Tafla 2. Forsendur spáaðila um þróun launa og gengis

	2013	2014	2015
Launaþróun (vísitala, 2012=100)	104-109	107-115	111-121
Gengisvísitala Seðlabankans	218-226	215-229	215-234

Í engum af fyrirbyggjandi spám er að finna fleiri en eina sviðsmynd, sem byggir á annari þróun launa, gengis eða vaxta, og áhrif á helstu þjóðhagsstærðir sem af myndu hljóttast. Þótt líttill munur sé á forsendum spáaðilanna um launa- og gengisferlana, sem lagðir eru til grundvallar í verðbólguþámi, þá ríkir einna mest óvissa einmitt um þá. Þar sem þessir tveir þættir eru afgerandi í þróun verðbólgu, og þ.a.l. vaxta, er mikilvægt að spáaðilar geri vandlega grein fyrir þeim rökum sem liggja að baki ákvörðunum þeirra um þessar meginforsendur. Jafnframt er mjög æskilegt að dregnar séu upp aðrar sviðsmyndir, byggðar á fleiri ferlum, sem eru allt eins líklegir og þeir sem valdir hafa verið í aðal sviðsmyndum spáaðilanna.

Mikið hefur verið rætt um nauðsyn þess að sameina þjóðina í glímunni við erfiðar efnahagsaðstæður. Slíkt kallar á samstöðu um stefnuna og þau úrræði sem hægt er, og nauðsynlegt kann að vera, að grípa til. Á þeirri vegferð er gagnlegt að hafa í farteskinu ólíkar sviðsmyndir til að meta líkleg áhrif umræddra aðgerða til að undirbyggja slíka samstöðu.

Haglíkön spáaðila eru mismunandi uppbyggð og hafa breytingar á launum, gengi og vöxtum mismunandi áhrif á aðrar hagstærðir. Fyrir liggur ítarleg lýsing á þjóðhagslíkani Seðlabankans (QMM, A Quarterly Macroeconomic Model of the Icelandic Economy) á heimasíðu bankans og hefur Hagstofa Íslands einnig stuðst við líkanið í spám sínum. Nýlega hefur Seðlabankinn birt lýsingu á öðru líkani (Dynimo), sem er mjög frábrugðið hinu fyrrnefnda. Aðrir spáaðilar hafa ekki birt lýsingar á líkönum sínum, en a.m.k. tvö þeirra eru náskyld QMM líkani Seðlabankans.

Ein megin niðurstaða spánna, sem settar hafa verið fram, er að verðbólga verði yfir verðbólguþröngum Seðlabankans næstu árin og samkvæmt margítrekuðum

yfirlýsingum peningastefnunefndar bankans mun bankinn hækka vexti á næstu misserum í þeirri viðleitni að ná markmiðinu, 2,5% verðbólgu.

Að beiðni skýrsluhöfunda hefur Seðlabankinn lagt mat á áhrif annarra launaferla á helstu hagstærðir í líkönnum sínum. Greining bankans felst í því að bera slíkar sviðsmyndir við aðalsviðsmyndina, sem byggir á 5,5% hækkun launavísitölu næstu tvö árin. Í stuttu máli er niðurstaða líkananna sú að minni launabreytingar, t.d. breytingar sem samrýmist verðbólgu markmiði bankans, leiði til minni kaupmáttaraukningar launa í bráð en til lengdar, og eftir u.þ.b. 2 ár verði áhrifin orðin jákvæð. Áhrifin á kaupmátt launatekna í heild verði jákvæðari þar sem umtalsvert aukin atvinna vegi að mestu gegn upphaflegri minnkun kaupmáttar. Allt byggir þetta á þeirri forsendu að þróun gengis og verðlags og þar með vaxta, verði á grundvelli raunhagkerfisins, en ekki þess mikla ójafnvægis sem er á fjármálamörkuðum vegna áhrifa fjármagnshafta og þungar greiðslubyrði erlendra lána. Það kemur ekki á óvart að hjöðnun verðbólgu niður í markmið Seðlabankans leiði til lægri vaxta og aukinna fjárfestinga og hagvaxtar. Það er því til mikils að vinna að ná verðbólgunni niður í markmiðið sem allra fyrst. Lykilspurningin er hvernig hægt er að tryggja að svo verði, en ljóst er að það krefst markvissrar stefnu í efnahagsmálum. Mismunandi sviðsmyndir geta auðveldað að finna ákjósanlegar leiðir. Það verður næsta verkefni vinnuhópsins að skoða fleiri sviðsmyndir, m.a. áhrif annarrar stefnu í gengis- og peningamálum, í samvinnu við helstu spáaðila.

Sviðsmynd um áframhaldandi verðbólgu og hækkanir vaxta, sem eru margfalt hærri en í samanburðarlöndum, er fjarri því að vera eftirsóknarverð framtíðarsýn fyrir heimili og fyrirtæki landsins.

Hagspár eru hvorki hlutlægar né áhrifalausar. Þær byggja á huglægu mati á ýmsum grundvallarpáttum og hafa áhrif á hegðun manna í viðskiptum og samningum. Þannig má ætla að þær spár, sem hér er fjallað um, leiki stórt hlutverk í mótun væntinga almennings, fyrirtækja og fjárfesta um verðbólgu, kaupmátt o.fl. Af þessum sökum er afar brýnt að hagspár séu vandaðar og ítarleg grein gerð fyrir mikilvægustu forsendum og óvissupáttum.



5 Efnahagsstefnan

Efnahags-, atvinnu- og velferðarstefna stjórnvalda eru meðal mikilvægustu forsendna kjarasamninga. Aðilar vinnumarkaðarins hafa oft sinnis haft áhrif á stefnuna í veigamiklum málum og enn oftast gert kröfur þar um. Í þessu efni má sérstaklega nefna þjóðarsáttina í febrúar 1990, en einnig stöðugleikasáttmálann í júlí 2009 og kjarasamninga ársins 2011.

5.1 Peningastefna Seðlabankans

Yfirlýst markmið peningastefnu Seðlabankans er að stýra verðbólgu að verðbólgu markmiði, 2,5%, og beita einkum til þess stýrivöxtum sínum. Á það er að líta að bankinn hefur, að best verður séð, fremur beitt vaxtataekinu með hliðsjón af gengisþróun undanfarin misseri og verðbólga verið yfir markmiði um langt áabil. Gengisþróunin ræðst þegar til lengdar lætur af framboði og eftirspurn á gjaldeyri, en Seðlabankinn getur gripið inn í markaðinn og haft áhrif á gengið til skemmri tíma. Þung greiðslubyrði af erlendum lánum er leiðandi fyrir eftirspurnina og útlit fyrir að svo verði áfram. Viðbúðið er að greiðslur af erlendum lánum muni setja þrýsting á gengi krónunnar og hafa sjálfstæð áhrif á vaxtastefnu Seðlabankans.

Í ljósi verðbólgu markmiðs Seðlabankans fylgist bankinn grannt með kjarasamningum. Staft að mati bankans aukin verðbólguhætta af samningunum mun hann vafalítið bregðast við með hækkun vaxta. Í yfirlýsingu peningastefnunefndar frá 2. október sl. segir:

„Í ágústspá Seðlabankans var gert ráð fyrir launahækkunum í kjarasamningum sem eru umfram það sem samræmist verðbólgu markmiðinu og var þá byggt á sögulegri reynslu. Verði launahækkunir í samræmi við spána er líklegt að nafnvextir bankans muni að óbreyttu hækka í framhaldinu, sérstaklega ef slakinn í þjóðarbúskapnum heldur áfram að minnka. Launahækkunir umfram það auka líkur á vaxtahækkunum enn frekar. Verði launahækkunir hins vegar í samræmi við verðbólgu markmið mun verðbólga að öðru óbreyttu hjaðna hraðar en gert er ráð fyrir í spánni og vextir verða lægri en ella.“

5.2 Opinber fjármál

5.2.1 Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2014

Fyrstu aðgerðir nýrrar ríkisstjórnar voru að lækka skatta, s.s. að hverfa frá hækkun á virðisaukaskatti á gistingu, og falla frá hækkun veiðigjalds. Þá er í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar gefin fyrirheit um aukin útgjöld, en einnig um lækkun skulda

ríkissjóðs. Horfur eru um að halli á ríkissjóði á árinu 2013 verði um 31 ma.kr., en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir 3,7 ma.kr. halla.

Fjárlagafrumvarp nýrrar ríkisstjórnar var lagt fram í byrjun október sl. Samkvæmt frumvarpinu er stefnt að því að reka ríkissjóð án halla og gerir frumvarpið ráð fyrir 500 m.kr. afgangi á rekstrargrunni. Gangi þetta eftir yrði það í fyrsta sinn frá 2007 að ríkissjóður væri hallalaus. Án aðgerða telur fjármálaráðuneytið að stefnt hefði í 27 ma.kr. halla á árinu 2014.

Tekjuhlíð frumvarpsins byggir á þjóðhagsspa Hagstofunnar frá júní sl. um 2,7% hagvöxt á næsta ári, en nú er margt sem bendir til að spáin sé of bjartsýn og því gætu skatttekjur verið ofmetnar. Veigamesta aðgerðin á tekjuhlíð eru hækkun sérstaks bankaskatts sem einnig verður lagður á fjármálafyrirtæki í slitameðferð. Tekjuskattur einstaklinga verður lækkaður með því að tekjuskattshlutfall í miðþrepi lækkar um 0,8 prósentustig. Áætlað er að fyrir vikið lækki tekjur ríkissjóðs um 5 ma.kr. og kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna aukist um 0,5-0,6%. Frítekjumark fjármagnstekjuskatts vegna vaxtatekna einstaklinga hækkar um 25% úr 100.000 kr. í 125.000 kr. og virðisaukaskattur á pappírsmarkverðum lækkar um 25,5% í 7,0%. Atvinnuþryggingargjald, sem fjármagnar atvinnuleysistryggingar, verður lækkað um 0,6 prósentustig, gjald í Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota um 0,25 prósentustig, en almennt tryggingagjald hækkað um 0,75 prósentustig. Samanlagt lækkar því tryggingargjald um 0,1 prósentustig. Atvinnulífíð fær því ekki að njóta lækkunar atvinnuþryggingagjalds, þrátt fyrir að hafa tekið á sig kostnað af auknu atvinnuleysi eftir fjármálakreppuna, en almenn samstaða var um að tryggingagjaldið lækkaði með minnkandi atvinnuleysi.

Ráðstafanir á útgjaldahlíð eiga að skila um 23 ma.kr. sparnaði. Þar vegur þungt að fallið er frá ýmsum fyrirhugðum og nýlegum verkefnum, m.a. í fjárfestingaáætlun fyrri ríkisstjórnar, og sparast þar 5,8 ma.kr. Almenn hagræðingarkrafa á að skila 3,6 ma.kr. og breytingar á skilmálum skuldabréfs, sem gefið var út til að styrkja eiginfjárstöðu Seðlabanka Íslands, lækka vaxtagjöld um tæpa 11 ma.kr.

Framlög til elli- og örorkulífeyrisþega og félagslegrar aðstoðar hækka um 5 ma.kr. vegna ýmissa breytinga á kjörum og réttindum þessa hóps. Þar er fyrst og fremst um að ræða lækkun á skerðingarhlutföllum ýmissa bótaflokka. Þá aukast framlög til almennatrygginga um 3,4 ma.kr. vegna fjölgunar bótaþega og verðbóta á lífeyri. Útgjöld í þessum málaflokki aukast því alls um 8,4 ma.kr.

Lögum skv. er í fjárlagafrumvarpi birt langtímaáætlun í ríkisfjármálum fram til ársins 2017. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarjöfnuður verði lítillaga jákvæður öll árin. Þá gerir áætlunin ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframléiðslu muni lækka, en þó fremur vegna vaxtar landsframléiðslu en niðurgreiðslu skulda.

5.2.2 Fjármál sveitarfélaga

Alls eru 74 sveitarfélög í landinu og eru aðstæður þeirra mjög mismunandi. Nýleg sveitarstjórnarlög búa fjármálum sveitarfélaga nýtt umhverfi með fjármálareglum sem taka bæði til rekstrarafkomu og skuldastöðu. Ársreikningar sveitarfélaga fyrir árið 2012 benda til að afkoma þeirra hafi batnað undanfarin ár. Meginvandinn er hins vegar þung skuldabyrði, en í lok árs 2012 námu skuldir sveitarfélaga 244 ma.kr. Ljóst er að fjármálareglurnar sníða mörgum þeirra mjög þröngan stakk við gerð fjárhagsáætlana á næstunni. Sveitarfélögin hafa aðlögunartíma til 10 ára til að fullnægja skilyrðum um skuldastöðu.



6 Vinnumarkaðurinn

Breyttar og verri efnahagsforsendur í kjölfar fjármálakreppunnar hlutu að hafa veruleg áhrif á vinnuafseftirspurn. Starfandi fólki fækkaði um rösk 11 þúsund frá 2008 til 2010, eða um 6,3%. Hér þarf þó að hafa í huga að árin 2007 og 2008 fjölgaði störfum um 9 þúsund, þ.a. var næstum þriðjungur í byggingarstarfsemi, og vinnumarkaðurinn var í miklu ójafnvægi þau ár. Sé horft framhjá þessum árum og litið til fjölda starfandi 2006 til 2010 fæst að fækkun starfa hafi numið 2.200, eða 1,3%.

Aðlögun að minni eftirspurn á vinnumarkaði var með ýmsum hætti; atvinnuþátttaka minnkaði, brottfluttum fjölgaði, vinnutími stytst og atvinnuleysi jókst. Til viðbótar var ráðist í umfangsmiklar vinnumarkaðsaðgerðir.

Í alþjóðlegum samanburði hefur atvinnuþátttaka jafnan verið mikil á Íslandi. Ein stöð sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði eru sveiflur í atvinnuþátttöku sem minnkað hafa þrýsting á vinnumarkaði í uppsveiflu og dregið úr atvinnuleysi í niðursveiflu. Atvinnuþátttaka var mjög mikil árin 2006-2008, en lækkaði um 2 prósentustig árið 2009. Atvinnuþátttakan hefur í raun ekki aukist frá árunum 2009 og 2010 og er enn á fyrri helmingi árs 2013 á svipuðu róli og undanfarin ár eða um 80%.

Á árunum 2008 til 2012 fluttu 7.500 manns frá landinu umfram þá sem hingað fluttu. Svarar þetta til um 2,4% af fólksfjölda ársins 2008. Brottflutningurinn varð mestur árið 2009 en hefur minnkað og árið 2012 var flutningsjöfnuður erlendra ríkisborgara orðinn jákvæður. Á fyrri helmingi 2013 sýna bráðabirgðatölur Hagstofu jákvæðan flutningsjöfnuð og á það jafnt við innlenda sem erlenda ríkisborgara.

Atvinnuleysi skv. Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu varð mest árið 2010, 7,6%, en til samanburðar var atvinnuleysi á sama kvarða um 6% árið 2012. Mælingar Vinnumálastofnunar á skráðu atvinnuleysi sýndu heldur hærra niðurstöðu fyrir árið 2010 eða 8,1%, en lægri árið 2012 eða 5,8%. Á fyrri hluta árs 2013 var skráð atvinnuleysi skv. Vinnumálastofnun 4,9%, samanborið við 6,4% á sama tímabili árið 2012. Af þeim sem féllu af skrá á fyrri hluta árs 2013 fóru 10% í vinnumarkaðsaðgerðir, 11% misstu bótarétt en 63% fengu vinnu. Árið 2011 fóru 1% atvinnuleitenda í vinnumarkaðsaðgerð, 9% fluttu af landi brott, enginn missti bótarétt en 72% fengu vinnu. Bæði árin var nokkur fjöldi sem reyndist óvinnufær og er ástæða afskráningar tiltekins hluta óþekkt.

Fjöldi starfandi fólks stóð nánast í stað árin 2009-2011, enda þótt hagvöxtur væri farinn að glæðast. Starfandi fólki tók að fjölga á árinu 2012, alls um 2 þúsund

manns, eða 1,2%. Greining Hagstofu á starfandi fólki eftir atvinnugreinum gefur vísbendingu um að þrír fjórðu hlutar fjölgunar sé í starfsemi þar sem hið opinbera er nær allsráðandi og einkum í opinberri stjórnsýslu. Þá er einnig athyglisvert að fjölgun starfandi er einkum í yngsta og elsta aldurshópnum sem kann að vera vísbending um að áhrifa vinnumarkaðsaðgerða gæti mjög í þessum tölum, auk þess að endurspegla fjölgun starfa í ferðaþjónustu.

Fyrir liggja tölur frá Hagstofu um fyrstu tvo fjórðunga ársins 2013. Samanburður við sömu fjórðunga árið 2012 bendir til áframhaldandi bata á vinnumarkaði með fjölgun starfandi um 3.700 manns eða 2,2%. Atvinnuleysi minnkaði um tæpt 1 prósentustig, en það má að langmestu leyti rekja til yngsta hópsins, 16-25 ára, en atvinnuleysi meðal þeirra minnkaði um 4,3 prósentustig á tólf mánaða tímabili.

Sá bati á vinnumarkaði sem nú glittir í virðist ekki vera til marks um aukna almenna eftirspurn eftir vinnuafli og virðist einkum bundinn við ferðaþjónustuna. Tímabundnar vinnumarkaðsaðgerðir sýnast skipta hér einnig miklu máli. Þá þarf að hafa í huga að ætla má að fólki á vinnumarkaði muni fjölga um tæplega 1% á ári og því þarf meira til en felst í ofangreindum tölum til að draga verulega úr undirliggjandi atvinnuleysi.


7 Heimilin

7.1 Ráðstöfunartekjur

Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimila á mann minnkaði mun meira en kaupmáttur launa í kjölfar hrunsins. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann var 28% minni árið 2010 en árið 2006. Engin fordæmi eru um svo miklar búsifjar á lýðveldistímanum. Þetta má rekja til tveggja þátta; minni atvinnutekna og minni hreinna eignatekna. Kaupmáttur launatekna á mann minnkaði um 20% á þessu tímabili sem bera má saman við að kaupmáttar launavísitölu var um 11% minni en 2006. Lækkun eignatekna á mann nam röskum 60% á föstu verðlagi. Á sama tíma jukust eignauktgjöld á mann (vaxtagreiðslur heimila) um 11% á föstu verðlagi. Tilfærslutekjur á mann jukust á föstu verðlagi, en þar vega atvinnuleysisbætur þungt. Skattbyrðin, beinir skattar sem hlutfall af heildartekjum, lækkaði um 1,5 prósentustig frá 2009 en hækkaði næstu árin.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann jókst á ný árin 2011, um rösk 5%, en minnkaði aftur á árinu 2012, um 0,8%. Minnkun kaupmáttar milli 2011 og 2012 má einkum rekja til lækkunar tilfærslutekna, einkum minni úttekta á séreignasparnaði, minni vaxtabóta og atvinnuleysisbóta. Kaupmáttur heildarlaunatekna á mann jókst hins vegar um 0,5%. Spá Seðlabankans felur í sér að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann þróist með svipuðum hætti og kaupmáttur launa. Samkvæmt því reiknar bankinn með því að kaupmáttur ráðstöfunartekna á manni aukist um 2,2% að meðaltali árin 2012-2015.


Mynd 17. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann og breyting frá fyrra ári.



▪ Heimild: Hagstofa Íslands

Nauðsynlegt er að skoða afkomu heimilanna í heild, m.a. á mælikvarða ráðstöfunartekna, við mótun kjarastefnu. Margvíslegir þættir hafa áhrif á kaupmátt ráðstöfunartekna. Fyrir utan launa- og verðlagsþróun skipta ýmsar þætur sem ráðast í fjárlögum og annarri tengdri lagasetningu miklu. Hér má nefna tilfærslutekjur; vaxta- og barnabætur, lífeyri úr lífeyrissjóðum, bætur almannatrygginga og gjalddöku ríkis og sveitarfélaga fyrir veitta þjónustu. Alls námu tilfærslutekjur heimilanna árið 2012 um 18% af heildartekjum þeirra og um þriðjung af ráðstöfunartekjum.

Mynd 18. Kaupmáttur tilfærslutekna, eignatekna og -útgjalda á mann. Vísitölur 2006=100.



- Heimild: Hagstofa Íslands

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir 2014 munu tilfærslutekjur heimilanna vaxa á næsta ári. Fjármálaráðuneytið telur að frumvarpið muni auka kaupmátt heimilanna um 0,3%. Er þá horft til lækkunar tekjuskattshlutfalls í milliprepi og lækkunar á virðisaukaskatti á bleyjum, en á móti koma verðlagsáhrif af hækkun tiltekinna gjalda sem breytast með vísitölu neysluverðs.


Mikilvægt er að lagt verði heildstætt mat á áhrif fjárlagafrumvarps á ráðstöfunartekjur heimilanna í aðdraganda kjarasamninga

7.2 Skuldir og eignir

Í alþjóðlegu samhengi eru íslensk heimili mjög skuldug og hefur svo verið um langt árabil, en mynd 19 sýnir hvernig skuldir hafa aukist í hlutfalli af ráðstöfunartekjum frá árinu 1980. Með hruninu hækkuðu skuldir heimilanna verulega samfara því sem eignaverð lækkaði mikið. Tölur Seðlabanka sýna að íslensk heimili skulduðu sem nam tvöföldum ráðstöfunartekjum árin fyrir hrun. Skuldir hækkuðu langt umfram ráðstöfunartekjur í kjölfar hrunsins og hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum var orðið 278% árið 2010. Frá 2010 hafa ráðstöfunartekjur hækkað og hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum lækkaði niður í 244% árið 2011 og 231% árið 2012. Vaxtagjöld heimila námu skv. Hagstofu Íslands 9-10% af ráðstöfunartekjum um miðjan síðasta áratug, en árin 2009 og 2010 hækkaði þetta hlutfall upp í 15%. Árið 2011 vörðu hins vegar heimilin 11,4% ráðstöfunartekna til vaxtagjalda. Vaxtabætur hækkuðu í kjölfar hrunsins og

árið 2011 námu þær um 2,5% af ráðstöfunartekjum. Vaxtagjöld að frádregnum vaxtabótum námu um 9% af ráðstöfunartekjum 2011 sem er svipað og árin 2005 og 2006.

Mynd 19. Skuldir heimila í hlutfalli við ráðstöfunartekjur m.v. árslok.



- Heimild: Seðlabanki Íslands.

Í árslok 2012 námu skuldir heimilanna tæpum 2.000 ma.kr. skv. Seðlabanka Íslands, þ.a. voru verðtryggðar skuldir um 1.700 ma.kr. Launatekjur heimilanna í heild voru tæplega 750 ma.kr. árið 2012 skv. Hagstofu Íslands. Skuldir heimilanna eru þannig tæplega 270% af launatekjum og reikna má með að árleg greiðslubyrði lána sé um 150 ma.kr. Augaleið gefur að aukin verðbólga rýrir afkomu heimilanna jafnvel þótt kaupmáttur verði óbreyttur, vegna mikilla áhrifa á skuldastöðu og greiðslubyrði.

Ríkisstjórnin undirbýr nú aðgerðir til að lækka skuldir heimilanna. Í umræðunni hefur verið að höfuðstóll verðtryggðra lána lækki sem svarar þeirri hækkun sem varð vegna verðbólguástands í kjölfar gengislækkunar krónunnar 2008-2010. Útfærsla á þessari aðgerð liggur ekki fyrir, en flöt lækkun skulda um 15-20% hefur verið nefnd. Þannig gætu vaxtagjöld heimilanna lækkað um sama hlutfall og ráðstöfunartekjur aukist um 1,7-2,25%. Í umræðu hefur verið að kröfuhafar föllnu bankanna beri kostnaðinn af þessari aðgerð. Mikil óvissa er um efnahagslegar afleiðingar áformaðra höfuðstólslækkana og mikilvægt að meta áhrifin áður en ráðist verður í aðgerðir.

8 Afkoma atvinnuveganna

8.1 Ársreikningar 2011

Ársreikningasafn Hagstofu byggir á pöruðum samanburði. Í því felst að sömu fyrirtæki eru borin saman milli aðliggjandi ára, en næsta ár er tekið nýtt úrtak þannig að aðeins er hægt að bera saman aðliggjandi ár. Sveiflur geta verið umtalsverðar í úrtökum og því eru niðurstöður fyrir einstök ár oftsinnis mismunandi milli úrtaka. Síðustu ársreikningar fyrirtækja sem Hagstofa hefur birt taka til ársins 2011, en nýrri vísbendingar um stöðu atvinnulífs eru af skornum skammti. Úrvinnsla á afkomutölum fyrir árin 2012 skortir tilfinnanlega. Vísbendingar koma þó fram í veltutölum og árshlutauppgjörum stórra fyrirtækja.

Tafla 3 byggir á gögnum Hagstofu og sýnir hagnað af reglulegri starfsemi að frádregnum tekjuskatti í helstu greinum atvinnulífsins á tímabilinu 2006-2011. Sveiflur eru miklar í þessum tölum. Þannig sýnir taflan að árið 2008 var tap á sjávarútvegi sem nam 65-68,5% af reglulegum tekjum, en árið 2009 var hagnaður upp á 3,5-3,7%. Árin 2010 jókst hagnaður og varð 8,9-9,2% og litlu minni árið 2011 eða 7,4% af tekjum.

Almennt sýnir taflan að hagnaður í atvinnulífinu snerist upp í verulegt tap árin 2008 og 2009 svo sem vænta mátti. Mikið tap á þessum árum má fyrst og fremst rekja til gengistaps á erlendum skuldum. Árin 2010 og 2011 er hagnaður í atvinnulífinu í heild. Einkum voru það útflutningsgreinarnar sem réttu úr kútnum, en einnig iðnaður annar en stóriðja. Hagnaður í sjávarútvegi var svipaður árið 2010 og 2007.

Ef litið er á samtölu þessara greina kemur í ljós að afkoma í flestum greinum var lakari árið 2011 en 2010. Nokkuð önnur mynd fæst ef óreglulegum tekjum og gjöldum er bætt við en við það fæst að afkoman 2011 var góð og mun betri en 2010.

Tafla 3. Hagnaður atvinnulífs af reglulegri starfsemi, % af reglulegum tekjum. Paraður samanburður 2006- 2011.

	2006	2007	2007	2008	2008	2009	2009	2010	2010	2011
Sjávarútvegur	-7,1	9,2	8,4	-68,5	-64,6	3,5	3,7	8,9	9,2	7,4
Stóriðja	17,9	17,6	6,2	11,0	10,7	-5,2	-5,3	12,1	12,7	11,7
Annar iðnaður	2,4	3,8	4,0	-10,7	-7,4	1,9	1,0	5,0	2,6	1,8
Byggingastarfsemi	4,7	6,4	6,1	-16,2	-15,6	-13,2	-11,0	-6,5	-4,3	-3,2
Verslun	-0,4	0,7	0,7	-11,9	-13,0	-2,3	0,7	0,4	0,4	1,2
Hótel og veitingar	-4,2	0,2	-0,1	-32,2	-30,0	-1,5	-1,5	2,0	2,4	-0,1
Flutningar, uppl. og fjarskipti	-3,2	1,2	1,1	-13,5	-21,1	-9,6	-9,2	-0,4	0,5	1,5
Fasteignaviðskipti, sérhæfð þjónusta	-8,1	8,0	-2,4	-132,7	-90,5	-10,8	-9,4	0,1	2,3	-9,9
Hagnaður, samtals	-0,7	4,1	2,5	-29,4	-25,8	-4,2	-2,9	2,8	3,0	1,9
Samtals m.óreglulegum tekjum	1,8	8,1	4,6	-33,0	-27,7	0,5	1,7	4,2	4,6	7,5

- Heimild: Hagstofa Íslands.

8.2 Vísendingar um hag atvinnugreina

Afkoma sjávarútvegs hefur batnað frá 2009. Í fyrsta lagi hefur raungengisbreytingin haft í för með sér að tekjur hafa aukist verulega umfram kostnað. Í öðru lagi hefur verið á sjávarafurðum verið hagstætt, einkum á mjöl og lýsi. Í þriðja lagi hefur kvóti í mikilvægum tegundum verið aukin verulega eins og fjallað er um í kafla 3.1.5. Loks eru veiðar á makríl kærkomin búbót fyrir íslenskan sjávarútveg.

Fyrir liggja ársreikningar stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna; HB Granda, Samherja og Síldarvinnslunnar. Þótt varasamt sé að draga of miklar ályktanir af þeim um heildina er ljóst að afkoman var góð. Samanlagður hagnaður fyrirtækjanna þriggja voru röskir 25 ma.kr. árið 2012, samanborið við tæpa 20 ma.kr. árið áður.

Eins og aðrar útflutningsgreinar hefur stóriðja haft hag af lækkun raungengis, en þau áhrif eru þó væntanlega minni en í öðrum útflutningsgreinum vegna hráefnis- og raforkukaupa í erlendri mynt. Eins og áður hefur komið fram hefur álverð lækkað verulega að undanfögnu og útlit er fyrir áframhaldandi lækkun. Sem áður segir reiknar Seðlabankinn með áframhaldandi lækkun álverðs, en ýmsar vísendingar eru um að lækkunin geti orðið meiri en sú spá gerir ráð fyrir.

Byggingastarfsemi varð fyrir þungu höggi í fjármálakreppunni og uppsagnir og gjaldþrot fyrirtækja sigldu í kjölfar þess. Þótt horfur séu á að fjárfesting í íbúðarhúsnæði braggist á næstu árum, skipta horfur um stórförum byggingsiðnaðinn mestu. Vísbendinga um umsvif í greininni má leita í sementsölu og tölum um virðisaukaskattsveltu. Sementssala hefur aukist það sem af er þessu ári og á fyrstu sjö mánuðum ársins er salan tæpum fimmtungi meiri en í fyrra. Velta hefur aukist um tæp 13% á föstu verði á sama tíma.

Velta í smásöluverslun var 2% meiri á föstu verðlagi á fyrri hluta árs 2013 en á sama tíma í fyrra. Árshlutuppgjör Haga hf., sem rekur m.a. Bónus og Hagkaup, fyrir 6 mánaða tímabil frá mars til ágúst 2013, sýnir 1,9 ma.kr. hagnað, sem er aukning um 0,5 ma.kr. frá sama tíma 2012.

Allar vísbendingar um þróun ferðaþjónustu á undanförunum misserum sýna mikinn vöxt í greininni. Komum erlendra ferðamanna fjölgaði á fyrstu átta mánuðum ársins um 14% frá sama tímabili í fyrra, gistinóttum um 15% og erlendum kortavíðskiptum um 22%. Horfur til næstu ára um fjölgun ferðamanna eru mjög góðar. Um afkomu í greininni í heild eru heimildir mjög rýrar. Ícelandair er um margt flaggskip íslenskrar ferðaþjónustu. Hálfársuppgjör fyrirtækisins í heild sýnir að fyrirtækið stendur vel. Umsvif hafa vaxið milli ára um 13%. Hagnaður Ícelandair Group eftir skatta nam 2,2 ma. kr., samanborið við 1,7 ma. á sama tíma í fyrra.

Fjárhagsleg staða viðskiptabankanna þriggja mótast enn að tölverðu leyti af eftirstöðvum bankahrunsins. Stór hluti af hagnaði hefur þannig myndast af endurmati eigna bankanna. Bankasýsla ríkisins metur það svo að arðsemi reglulegs rekstrar bankanna á árinu 2012 hafi verið um 7,5% eða um helmingur bókhaldslegrar arðsemi. Samanlagður hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja nam 32,6 ma.kr. á fyrri helmingi árs 2013, en var nokkru hærri á sama tímabili 2012, eða 34,7 ma.kr.

Vísbendingar um þróun atvinnulífsins sem hér hafa verið raktar gefa til kynna að umsvif hafi aukist í lykilgreinum. Vitnað hefur verið til nokkurra lykilfyrirtækja í einstökum greinum þar sem fram kemur að hagnaður hafi aukist. Ekki má þó alhæfa út frá þeim upplýsingum. Um er að ræða fyrirtæki sem í senn njóta stærðarhagkvæmni langt umfram atvinnulífið í heild og sterkrar markaðstöðu sem endurspeglast í afkomutölum.

8.3 Skuldastaðan

Skuldir fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu eru hvergi hærri en hér á landi, eða sem nam 154 % af landsframleiðslu í lok júní 2013. Skuldahlutfallið hefur

lækkað mikið frá upphafi fjármálakreppunnar en það varð hæst um 380% af landsframleiðslu á þriðja ársfjórðungi 2008. Lækkunin stafar að stórum hluta af afskriftum skulda starfandi fyrirtækja en einnig af afskriftum vegna gjaldþrota. Aðra vísbendingu um stöðu fyrirtækja má fá af vanskilum. Samanburður Seðlabankans á vanskilum fyrirtækja milli ársloka 2011 og 2012 sýnir að umtalsvert hefur dregið úr vanskilum og fyrirtækjum í vanskilum fækkað úr 23% í 15% fyrirtækja.

9 Samkeppnisstaðan

9.1 Samkeppnisgreinar og heimagreinar

Samkeppnisstaða atvinnulífs er úrslitaatriði um efnahagslegan vöxt og viðgang lítilla opinna hagkerfa. Lengstum var lítið sem ekkert tillit tekið til þessa í kjarasamningum hér á landi. Með gengisfellingum, oftsinnis strax í kjölfar kjarasamninga, leiðrétti Seðlabankinn samkeppnisstöðuna um stundarsakir. Þessi leið hefur margoft verið farin hér á landi og við öllum blasir þvílíkur ófarnaður hún er. Uppskeran hefur verið óðaverðbólga sem grefur undan lífskjörum almennings og rekstrarstöðu atvinnulífsins. Á stuttu tímabili í hagsögu lýðveldisins, eða frá 1995 til 2008, bjó þjóðin við frjálsa fjármagnsflutninga og vald Seðlabankans á genginu minnkaði. Á því tímabili varð krónan smám saman leiksoppur alþjóðafjármálaaflla og tengsl hennar við raunhagkerfið, íslenskt atvinnulíf, rofnuðu. Frá því síðla árs 2008 komu fjármagnshöft í stað frjálsra fjármagnsflutninga, en þrátt fyrir þau eru sveiflur miklar í gengi krónunnar og mikil óvissa um þróunina framundan.

Annars staðar á Norðurlöndum er greining á stöðu samkeppnisgreinanna sú undirstaða sem kjarasamningar eru byggðir á. Greiningin á að sínu leyti rætur í haglíkðum sem í Noregi var kennt við Odd Aukrust og í Svíþjóð við EFO. Kjarni þessarar greiningar er að í litlum opnum hagkerfum verði launaþróunin að ráðast af stöðu samkeppnisgreinanna. Útflutningsgreinarnar geta ekki nema í mjög litlu mæli velt kostnaði á erlenda viðskiptamenn og verð á vörum þeirra ræðst á alþjóðamarkaði. Með sama hætti er svigrúm greina sem eiga í samkeppni við innflutning takmarkað til verðhækkana. Heimamarkaðsgreinar, s.s. þjónustugreinar og landbúnaður, eru í stórum dráttum verndaðar frá erlendri samkeppni. Verðmyndun í heimamarkaðsgreinum lýtur því talsvert öðrum lögmálum. En samkeppnisgreinar og heimamarkaðsgreinar keppa um vinnuafli. Verði meiri launahækkanir í heimamarkaðsgreinum er viðbúið að vinnuaflið færi sig til þeirra og samkeppnisgreinar þurfi annað hvort að draga úr framleiðslu eða hækka launin með neikvæðum áhrifum á samkeppnisstöðu þeirra.

Framleiðnivöxtur er almennt meiri í samkeppnisgreinum en í heimamarkaðsgreinum. Svigrúm til launahækkana í samkeppnisgreinum ræðst fyrst og fremst af framleiðniaukningu og þróun afurðaverðs á erlendum mörkuðum. Við þau skilyrði verður hlutur launa af vinnsluvirði stöðugur og er lögð mikil áhersla meðal Norðurlandaþjóðanna á stöðugleika launahlutfalls í samkeppnisgreinum.

Á Norðurlöndum er það einkum iðnaðurinn sem er í alþjóðlegri samkeppni og því hafa menn fyrst og fremst horft til hans. Samkomulag er um að þessar greinar leiði

kjaraviðræður og aðrar greinar semji sig að þeim niðurstöðum.

Hér á landi er það ekki síst sjávarútvegur og stóriðja sem eiga í hvað harðastri samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum og í vaxandi mæli ferðapjónusta. Iðnaður margs konar á í samkeppni við innflutning á heimavelli.

Hér á eftir verður litið til iðnaðar (þ.m.t. stóriðja) og sjávarútvegs sem samkeppnisgreina.

9.2 Framleiðni vinnuafls

Til lengri tíma ræðst kaupmáttur launa fyrst og fremst af framleiðni vinnuafls og fjármagns í atvinnulífinu. Framleiðnin er einnig lykill að samkeppnishæfni ríkja.

Vergar þáttatekjur (þ.e. samtala launa og hagnaðar) á hvern starfandi mann gefa vísbendingu um framleiðni vinnuafls og breytingar á henni yfir tíma. Í eftirfarandi töflu er árleg breyting framleiðni hér á landi og í viðskiptalöndum borin saman yfir tímabilið frá 2001.

Tafla 4. Árleg breyting framleiðni vinnuafls á Íslandi og í viðskiptalöndunum, %

	2001-2007	2008-2010	2011-2013	2001-2013
Ísland	2,9	-1,3	1,4	1,6
Viðskiptalönd	1,3	-0,1	0,4	0,8
Mismunur	1,6	-1,2	1,0	0,8

- Heimild: OECD.

Frá árinu 2001 til 2013 hefur framleiðni á þennan kvarða vaxið árlega um 1,6% hér á landi en um 0,8% í viðskiptalöndunum. En mun meiri sveiflur hafa verið í framleiðnibreytingum hér á landi en víðast hvar annars staðar. Samkvæmt þessum tölum jókst framleiðni hér á landi árið 2004 um 7,7%, en minnkaði um 3,8% 2011. Þrátt fyrir að framleiðni hafi vaxið hér á landi meira en í viðskiptalöndunum á undanförunum röskum áratugi, er framleiðni enn töluvert lægri en í þessum löndum. Í skýrslu bandaríska ráðgjafafyrirtækisins McKinsey kemur skýrt fram að framleiðni er slök á Íslandi miðað við önnur ríki og ríkulegir möguleikar til að auka framleiðni, ekki síst hjá hinu opinbera.

Framleiðnivöxtur er meiri í framleiðslustarfsemi, 3,4% til jafnaðar á ári, og minni í þjónustustarfsemi, eða 1,3%, hér á landi. Það kemur auðvitað ekki á óvart að framleiðni sé minni í þjónustuhluta hagkerfisins, því þar er vinnuaflið langmikilvægasta framleiðsluaflið en í framleiðslustarfsemi getur framleiðni

vinnuafis vaxið með nýjum vélum og betri tækni. Erfitt er að meta framleiðni í þjónustugreinunum yfirleitt, en þó sérstaklega í opinberri starfsemi. Ef þjónustustarfsemi einkaaðila er skoðuð sérstaklega kemur í ljós að frá árinu 2000 hefur framleiðni í þeim greinum vaxið árlega um 1,7%. Með sambærilegum hætti má sjá að framleiðni hjá hinu opinbera hefur dregist saman sem svarar til 0,5% á ári. Hins vegur ber að hafa í huga að erfitt er að mæla framleiðnistig og -breytingar í opinberum rekstri þar sem um er að ræða framleiðslu á samgæðum sem ekki hafa markaðsverð.

Vísbendingar eru um verulega framleiðni aukningu í framleiðslustarfsemi eftir hrun fjármálakerfisins. Framleiðslan á föstu verðlagi jókst um 3% frá árinu 2008 til 2012 þrátt fyrir að starfsfólki fækkaði um rösklega 20%. Starfsfólki í þjónustugreinum fækkaði mun minna eða um 1,7% en framleiðsla dróst saman um 5%.

Ofangreindar vísbendingar segja þó ekki alla söguna, þar sem í þeim felst að öll framleiðslu aukning sé rakin til vinnuafisins og hlut fjármagns (véla o.fl.) er sleppt. Seðlabankinn metur undirliggjandi framleiðni vinnuafis og tekur í þeim áætlunum tillit til þáttar fjármagns. Spár bankans gera ráð fyrir að framleiðnivöxtur verði 1,5% árlega árin 2013 til 2015, en til samanburðar metur bankinn að undirliggjandi framleiðnivöxtur hafi aðeins verið 0,6% árin 2008 til 2012.

9.3 Launakostnaður

Samanburðarhæfar tölur um launaþróun í mismunandi löndum eru af skornum skammti. Bandaríska tölfræðistofnunin Bureau of Labor Statistics (BLS) safnaði um árabíl tölum um laun í iðnaði í 25 löndum sem víða hafa verið notaðar, svo sem í skýrslum TBU (Teknisk beregningsutvalg) í Noregi. BLS hætti nýverið að gefa þessar tölur út, en síðustu tölur frá stofnuninni eru fyrir árið 2012.

Í töflum 6 og 7 í viðauka er þróun launa frá 2007 til 2012 rakin í þeim löndum í lista BLS sem vógu a.m.k. 1% í út- og innflutningi Íslands árið 2012.

Launaþróun er dregin saman og vegin með hlutdeild landanna í utanríkisviðskiptum Íslands árið 2012. Þessi 18 ríki standa að baki um 80% utanríkisviðskipta Íslands. Á sex árum, frá 2006 til 2012, hafa laun í iðnaði hækkað um 20% í þessum viðskiptalöndum okkar eða sem nemur 3,1% á ári að jafnaði. Til samanburðar hækkuðu laun í íslenskum iðnaði á þessum árum um tæp 44%, sem nemur 6,2% að jafnaði á ári, og launavísitala almenna vinnumarkaðarins um nær 49%. Laun hér á landi hafa þannig hækkað rösklega tvöfalt meira en í viðskiptalöndunum á þessum sex árum.

Árin 2011 og 2012 hækkuðu laun í iðnaði viðskiptalandanna um 2,9%, en 6,9% og 7,7% hér á landi. Launapróun í Þýskalandi hefur lengi verið viðmið í Danmörku og Svíþjóð. Laun hækkuðu í Þýskalandi um 2,2% að meðaltali frá 2006 til 2012, en öllu meira á árinu 2012 eða 4,6%. Önnur algeng viðmiðun í launasamanburði milli landa fæst úr Þjóðhagsreikningum og er þá miðað við þróun heildarlauna og tengdra gjalda á starfandi menn eða aðra skilgreiningu á vinnumagni. OECD birtir slíkar tölur fyrir aðildarríki sín Og er gagnlegt að hafa þær til hliðsjónar, ekki síst þar sem OECD birtir spár til ársins 2014. Í töflu 7 í viðauka eru sýndar árlegar breytingar launakostnaðar milli ára í öllu hagkerfinu frá 2007 til 2014. Hér er bæði um að ræða verð- og magnbreytingar, sem best sést á birtri tölu um Ísland árið 2009, þar sem vinnumagnið (heildarfjöldi vinnustunda) dróst meira saman en störfum fækkaði. Taflan sýnir að meðal OECD-ríkjanna er gert ráð fyrir 2-2,5% hækkun launakostnaðar næstu árin og enn minni hækkunum á evrusvæðinu, eða 1,5-2%.


Tafla 5. Breyting launakostnaðar á starfsmann 2001-2013

	2001-2007	2008-2010	2011-2013	2001-2013
Ísland	8,6	2,6	6,5	6,7
Viðskiptalönd	3,3	2,5	1,9	2,8
Mismunur	5,3	0,1	4,6	3,9

- Heimild: OECD.

Árleg meðalbreyting launakostnaðar yfir tímabilið 2001-2013 var 4% meiri hér á landi en í viðskiptalöndunum. Með sama hætti sýnir tafla 4 hér að ofan að árleg framleiðnbreyting var 0,9% meiri hér á landi. Launakostnaður á framleidda einingu jókst því árlega um 3% umfram viðskiptalöndin.


Mynd 20. Breyting launakostnaðar á framleidda einingu á Íslandi og í helstu viðskiptalöndum



- Heimild: OECD.

Evrópski seðlabankinn birtir tölur um launahækkningar samkvæmt kjarasamningum eftir ársfjórðungum á evrusvæðinu. Þær eru dregnar fram í eftirfarandi mynd og sýna hækkningar á tólf mánaða tímabili og þróun greiddra launa til samanburðar. Árstakturinn er á milli 1,5% og 2% sem er svipað og verðbólga og verðbólguvæntingar eru í þessum ríkjum.

Mynd 21. Kjarasamningsbundnar launhækkunar á evru-svæðinu og raunverulega greidd laun, % breyting milli ára




- Heimild: Evrópski Seðlabankinn og OECD.

9.4 Launahlutföll í samkeppnisgreinum

Á Norðurlöndum er mikil áhersla lögð á skiptingu framleiðsluverðmæta í samkeppnisgreinum milli launamanna og fjármagns. Mynd 22 er fengin í norsku TBU skýrslunni sem fyrr er getið. Myndin sýnir hlut launa í vinnsluvirði í iðnaði í nokkrum löndum og hefur Íslandi verið bætt við. Niðurstaðan er sláandi. Hluttur launa var áþekkur hér og í Þýskalandi og litlu hærri en í hinum löndunum árið 2003. Á þensluárunum sem við tóku fór raungengi krónunnar hækkandi og hækkaði launahlutinn hér og fór jafnvel yfir 80%. Á sama tíma lækkaði launahlutfallið í samanburðarlöndunum. Kreppan sem skall á 2008 hafði í för með sér að launahlutfallið hækkaði í fyrstu í samanburðarlöndunum; tekjur fyrirtækjanna drógust saman án þess að launakostnaður lækkaði. Hrun krónunnar og raungengisins blésu hins vegar út rekstrarreikninga fyrirtækjanna, en launakostnaður lækkaði vegna fækkunar starfsfólks og framleiðni jókst. Hækkun launahlutfallsins úr 72% árið 2003 í 84% árið 2007 og lækkun þess í 49% árið 2010 segir sína sögu um hið sveiflukennda íslenska atvinnu- og efnahagslíf. Hér þarf þó að hafa í huga að álframleiðsla jókst hröðum skrefum á þeim tæpa áratug sem hér liggur til grundvallar með tilkomu Alcoa-Fjarðaáls. Álframleiðsla er fjármagnsfrek starfsemi og hluttur launa tiltölulega lágur. Ef álframleiðslunni er sleppt úr myndinni verður hlutfall launa þó nokkuð hærra allan tímann og hlutfallið fer að hækka árið 2010 og 2011 og er þá komið upp í 65%. Rétt er einnig að geta þess að launahlutfall í fiskvinnslu lækkar töluvert á þessu árabili og raunar einnig yfir lengri tíma sem einkum á rekja til tæknibreytinga og aukinnar sjálfvirkni.

Mynd 22. Hluttur launakostnaðar af vergum þáttatekjum í iðnaði



- Heimild: TBU. Hagstofa Íslands.


9.5 Raungengi

Seðlabanki Íslands tekur saman og birtir tölur um raungengi krónunnar miðað við verðlag og launakostnað. Í hugtakinu felst mat á þróun hlutfallslegs launakostnaðar á framleidda einingu hér á landi og erlendis, mælt í sömu mynt. Þróun launakostnaðar á framleidda einingu er fundin með því að draga framleiðnibreytingu (framleiðni vinnuafis) frá breytingu launa, þannig að ef laun hækka t.d. um 8% hér á landi en framleiðni eykst um 2% þá hækkar launakostnaður á framleidda einingu um 6%. Ef laun í viðskiptalöndunum hækka um 4% og framleiðni vinnuafis vex um 1% þá hækkar launakostnaður á framleidda einingu í þeim um 3%. Launakostnaður á framleidda einingu hefur þá hækkað hér á landi um 3% umfram viðskiptalöndin. Samkeppnisstaðan hefur, að öðru óbreyttu, versnað sem því nemur. Ef gengi krónunnar lækkar, lækkar launakostnaður á Íslandi mælt í erlendri mynt. Ef gengi krónunnar lækkar t.d. um 3% í framangreindu dæmi verður hækkun launakostnaðar á framleidda einingu hér á landi hinn sami og erlendis mælt í sömu mynt. Raungengi miðað við laun verður því óbreytt. Lækki gengið umfram 3% styrkist samkeppnisstaðan; launakostnaður á framleidda einingu hér á landi hækkar ekki í sama mæli og í viðskiptalöndunum mælt í sömu mynt og raungengið lækkar.

Miklar sveiflur í raungengi hafa einkennt efnahagsþróun á Íslandi, hvort sem miðað er við hlutfallslegt verðlag eða hlutfallslegan launakostnað. Þannig hækkaði raungengi á mælikvarða launa um rösklega 35% á þremur árum frá 1985 til 1988, en lækkaði um 20% á árunum 1989-1990. Allar götur frá byrjun

aldarinnar og fram að fjármálakreppunni fór raungengi m.v. laun hækkandi og samkeppnisstaða versnandi. Gengisfall krónunnar á árunum 2008 og 2009 hafði í för með sér að raungengi á mælikvarða launa lækkaði um 45% og náði sögulegu lágmarki. Launakostnaður hefur hækkað meira hér á landi en í viðskiptalöndunum frá 2009 umfram gengisbreytingar og afleiðingar þess voru þær að raungengi á mælikvarða launa var um þriðjungi hærra á öðrum ársfjórðungi 2013 en árið 2009. Þrátt fyrir þá hækkun er raungengi á mælikvarða launa 14% lægra en meðaltal árunna 1980-2013.

Mynd 23. Raungengi krónunnar á mælikvarða laun



- Heimild: Seðlabanki Íslands.

10 Niðurstaða og samantekt

Sameiginleg sýn samningsaðila í atvinnu- og efnahagsmálum og á svigrúm til launabreytinga er mikilvægur þáttur í vinnu við gerð kjarasamninga á Norðurlöndum. Til grundvallar í Noregi og Svíþjóð liggur skýr hugmyndafræði og sýn á efnahag lítilla opinna hagkerfa. Mikilvægt er að aðilar íslensks vinnumarkaðar feti þessa braut og aðlagi norræna kjarasamningalíkanið að íslenskum staðháttum.

Nú um stundir ríkir almennur óstöðugleiki, gengisvölt króna og verðbólga sem er ógn við lífskjör almennings og rekstrargrundvöll fyrirtækja. Kjarasamningar eru í senn mikilvægur hluti lausnar á þessum vanda og jafnframt er óstöðugleikinn ógn við gerð kjarasamninga. Sameiginleg markmið aðila vinnumarkaðarins hljóta að vera bætt lífskjör sem hvíli á efnahagslegum stöðugleika, samkeppnishæfu atvinnulífi og fullri atvinnu.

Efnahagsspár sem raktar eru í kafla 3.2 draga upp sviðsmyndir um mikla og óstöðuga verðbólgu og vaxtahækkunarir, sem eru margfalt meiri en í samanburðarlöndum. Slík niðurstaða er fjarri því að vera eftirsóknarverð framtíðarsýn fyrir heimili og fyrirtæki landsins.



11 Viðauki: Launþróun í öðrum löndum

Tafla 6. Launþróun í iðnaði í nokkrum löndum. Vísitölur 2006=100

	Viðskipta- vog 2012 *	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Bandaríkin	9,3	105,2	107,5	112,2	114,2	116,5	117,0
Belgía	1,8	102,4	108,2	110,9	113,1	116,2	120,0
Brasíla	4,4	106,2	118,8	124,8	135,4	150,0	168,2
Bretland	8,8	103,9	108,9	111,1	111,2	113,2	116,3
Danmörk	5,2	106,4	111,3	114,6	118,7	121,8	123,6
Frakkland	4,0	102,8	105,3	107,5	109,5	112,2	114,9
Holland	21,7	102,1	107,0	108,6	109,0	110,9	112,6
Írland	1,1	106,6	113,7	122,1	120,2	117,8	122,6
Ítalía	3,2	102,2	105,0	108,5	111,5	114,3	117,1
Japan	2,2	99,9	101,6	100,6	99,7	101,8	100,9
Kanada	1,0	103,6	105,5	103,5	109,2	110,9	112,9
Noregur	13,8	106,9	113,2	117,6	122,0	127,0	129,0
Pólland	1,6	110,1	120,6	125,7	128,3	134,1	140,1
Portúgal	1,1	103,2	108,0	111,7	113,5	119,1	118,7
Spánn	2,8	104,2	108,6	115,2	115,9	117,6	120,2
Svíþjóð	2,8	106,8	108,6	116,2	116,4	118,5	125,2
Sviss	1,7	101,9	103,9	107,1	104,0	104,4	105,7
Þýskaland	13,6	101,2	103,0	104,8	105,5	108,6	113,6
Viðskiptavegið meðaltal	100,	103,9	108,4	111,5	113,4	116,7	120,0
Heildarlaun í iðnaði á Íslandi		109,2	115,4	119,0	126,9	134,7	143,8
Launavísitala (almennur markaður)		109,7	118,9	123,4	129,2	138,2	148,8

- Heimild: BLS, (www.bls.gov/ilc/ichccaesuppall.xls), Hagstofa og eigin útreikningar

Tafla 7. Launþróun í iðnaði í nokkrum löndum. Breyting frá fyrra ári, %

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Bandaríkin	5,2	2,2	4,3	1,8	2,0	0,4
Belgía	2,4	5,7	2,5	2,0	2,8	3,2
Brasilía	6,2	11,8	5,0	8,5	10,8	12,2
Kanada	3,6	1,8	-1,8	5,5	1,5	1,8
Danmörk	6,4	4,6	3,0	3,6	2,6	1,5
Frakkland	2,8	2,4	2,2	1,8	2,5	2,4
Þýskaland	1,2	1,7	1,7	0,7	3,0	4,6
Írland	6,6	6,6	7,4	-1,6	-1,9	4,1
Ítalía	2,2	2,7	3,3	2,8	2,5	2,4
Japan	-0,1	1,7	-1,0	-0,9	2,1	-0,9
Holland	2,1	4,8	1,5	0,4	1,7	1,6
Noregur	6,9	5,9	3,9	3,8	4,1	1,6
Pólland	10,1	9,5	4,2	2,1	4,5	4,5
Portúgal	3,2	4,7	3,5	1,6	4,9	-0,3
Spánn	4,2	4,2	6,1	0,6	1,5	2,2
Svíþjóð	6,8	1,7	7,0	0,1	1,8	5,6
Sviss	1,9	1,9	3,1	-2,9	0,4	1,2
Bretland	3,9	4,8	2,0	0,1	1,8	2,7
Viðskiptavegið meðaltal	3,6	4,6	2,7	1,7	2,9	2,9
Heildarlaun í iðnaði á Íslandi	9,2	5,7	3,1	6,7	6,2	6,7
Launavísitala (alm. markaður)	9,7	8,3	3,8	4,7	6,9	7,7

- Heimild: BLS, (www.bls.gov/ilc/ichccaesuppall.xls), Hagstofa og eigin útreikningar

Tafla 8. Breyting launakostnaðar á starfsmann í löndum OECD milli ára, %

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Bandaríkin	4,1	3,2	0,9	2,9	2,8	1,6	1,9	2,7
Belgía	3,4	3,5	1,2	1,4	3,1	3,3	1,3	1,2
Kanada	3,4	2,5	1,9	1,5	2,9	2,8	2,4	2,9
Danmörk	3,6	3,5	2,4	2,6	1,6	1,0	1,3	1,7
Frakkland	2,5	2,6	1,8	2,3	3,0	2,1	1,9	1,6
Pýskaland	0,8	2,1	0,2	2,4	3,0	2,5	2,5	3,3
Írland	5,1	4,8	-1,2	-3,3	-0,2	1,8	0,1	1,5
Ítalía	2,0	3,0	-0,1	2,2	1,1	0,0	0,5	0,4
Japan	-1,3	0,3	-3,8	-0,1	0,3	0,0	0,3	1,6
Holland	3,0	3,3	2,1	1,3	1,5	1,1	0,9	1,2
Noregur	6,2	6,2	3,3	3,1	5,0	4,5	3,6	4,0
Pólland	4,8	8,9	3,5	4,6	3,9	5,8	3,6	2,8
Portúgal	3,6	3,0	2,8	2,0	-0,7	-2,7	0,8	0,6
Spánn	4,6	6,7	4,4	0,2	0,5	-0,5	-1,0	-1,0
Svíþjóð	5,2	1,5	1,6	3,1	0,8	2,8	2,0	2,9
Sviss	3,2	1,9	1,1	-0,5	1,1	2,0	0,6	1,1
Bretland	5,1	1,5	2,8	2,7	2,1	2,0	1,0	2,5
Evru svæðið	2,7	3,4	1,4	1,8	1,9	1,3	1,3	1,5
OECD alls	3,3	3,2	1,0	2,4	2,5	1,9	1,9	2,5
Viðskiptavegið meðaltal	3,7	3,4	1,8	2,2	2,3	1,9	1,6	2,1
Ísland	9,5	4,4	-1,9	5,1	7,2	6,6	5,6	6,0

- Heimild: OECD



Tapa

Frita Frenka
ANTIQUE

IS BO 12 269

11/6/2013

Samkomulag
um stofnun samstarfsnefndar
um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga

Eftirtalin heildarsamtök launafólks og vinnuveitenda ásamt stjórnvöldum eru sammála um að setja á stofn „Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga“. Nefndin er skipuð forystumönnum þeirra samtaka/bandalaga sem að samkomulaginu standa. Ríkissáttasemjari stýrir starfi nefndarinnar.

Nefndin er sett á fót með það að markmiði að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning kjarasamninga og auka skilvirkni við gerð þeirra. Nefndin mun taka saman upplýsingar til undirbúnings kjarasamninga árin 2013 og 2014 og verður starf hennar endurmetið fyrir árslok 2015.


Samstarf verður haft við Hagstofu Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneyti og Seðlabanka Íslands og aðra eftir atvikum m.a. á grundvelli gildandi samninga.


Aðilar þessa samkomulags munu greiða fyrir því að nefndin fái aðgang að þeim gögnum sem hún telur sig þurfa til að uppfylla skyldur sínar. Sumt kann að varða trúnað og skal tekið tillit til þess í starfi nefndarinnar.

Meginniðurstöður nefndarinnar skulu gefnar út opinberlega til almennra nota.


Nefndin hefur heimild til að ráða starfsfólk til að sinna þeim verkefnum sem henni eru falin. Starfsaðstaða nefndarinnar og starfsfólks á hennar vegum verður hjá embætti ríkissáttasemjara.

Reykjavík, 11. júní 2013


 F.h. fjármála- og efnahagsráðherra
 F.h. ASÍ


 F.h. BSRB


 F.h. KÍ


 Inga Rún Ólafsdóttir
 F.h. Sambands ísl. sveitarfélaga
 F.h. SA


 F.h. BHM

Starfslýsing vinnuhóps (1)

um tölfræðiúrvinnslu launaupplýsinga

Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga (SALEK) og starfar samkvæmt samkomulagi frá 11. júní 2013, hefur ákveðið að fela vinnuhópi að safna og vinna úr launaupplýsingum til að styrkja undirbúning kjarasamninga.

Verkefni hópsins er nánar tiltekið:

- Að taka saman gögn um þróun launa og launadreifingu eftir samningssviðum yfir valið tímabil. Horft verði til starfa- og atvinnugreinaflokunar Hagstofunnar fyrir almenna markaðinn. Starfaflokkun fyrir opinbera markaðinn verði sömuleiðis notuð og gagnaöflun og úrvinnsla þeirra styrkt. Jafnframt vísast til samninga aðila á vinnumarkaði og Hagstofunnar um launa- og vinnumarkaðsrannsóknir.
- Að ákveða flokkun gagna þannig að þau nýtist sem best kjarasamningsaðilum við gerð samninga.
- Að skýra verðlagsbreytingar og kaupmáttarþróun launa og helstu ástæður breytinga á raunlaunum/-tekjum.
- Að greina samkeppnisstöðu landsins á mælikvarða launa borið saman við helstu viðskiptalönd.

Vinnuhópurinn er skipaður fulltrúum þeirra sjö sem að Samstarfsnefndinni standa. Með hópnum starfar fulltrúi Hagstofu Íslands og starfsmaður í hlutastarfi auk þess sem fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabanki Íslands veita upplýsingar og aðstoð eftir því sem þurfa þykir.

Samstarfsnefndin mun greiða götu þess að vinnuhópurinn fái öll þau gögn sem hann telur sig þurfa til starfsins. Sumt kann að varða trúnað og skal tekið tillit til þess í starfinu.

Greinargerð vinnuhópsins er unnin fyrir Samstarfsnefndina og verður hún hluti af skýrslu nefndarinnar um efnahagslegar forsendur kjarasamninga þar sem lagt er mat á ástand og horfur í efnahagsmálum og á vinnumarkaði til undirbúnings kjarasamninga.

Vinnuhópnum er heimilt að stofna til kostnaðar vegna sérstakra tölvukeyrslna í samráði við Samstarfsnefndina.

Hópurinn tekur strax til starfa og miði starfið sitt við það að í október 2013 liggi fyrstu niðurstöður hennar fyrir.

Í hópinn eru eftirtaldir tilnefndir:

- Kristinn Bjarnason, hagfræðingur, fulltrúi BSRB,
- Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur, fulltrúi ASÍ,
- Georg Brynjarsson, hagfræðingur, fulltrúi BHM,
- Oddur Jakobsson, hagfræðingur, fulltrúi KÍ, og jafnframt leiðir hópinn,
- Hannes G. Sigurðsson, hagfræðingur, fulltrúi SA,
- Benedikt Valsson, hagfræðingur, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og
- Stefanía S. Bjarnadóttir, viðskiptafræðingur, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðherra.

Starfslýsing vinnuhóps (2)

um efnahagsforsendur kjarasamninga

Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga (SALEK) og starfar samkvæmt samkomulagi frá 11. júní 2013, hefur ákveðið að fela vinnuhópi að greina helstu forsendur efnahagslífsins til að styrkja undirbúning kjarasamninga.

Verkefni hópsins er nánar tiltekið:

- Að draga saman og leggja mat á niðurstöður úr helstu hagspám sem út eru gefnar.
- Að lýsa alþjóðlegri efnahagsþróun með tilliti til áhrifa á efnahagslífið hér á landi og samkeppnisstöðu útflutningsgreina.
- Að greina innlenda og erlenda efnahagsþætti sem helst valda óvissu og óstöðugleika.
- Að leggja mat á forsendur peningastefnunnar og þróunar á gengi krónunnar.
- Að draga upp sviðsmyndir af áhrifum mismunandi þróunar launa, gengis og verðlags á framvindu efnahagslífsins.
- Að meta stöðu helstu atvinnugreina m.t.t. afkomu og samkeppni.
- Að lýsa ástandi og horfum á vinnumarkaði.
- Að greina í hvaða atvinnugreinum og starfsgreinum framleiðni hefur helst aukist, hvar aukningar er helst að vænta og hvar hennar er helst ábótavant.
- Að meta áhrif ákvarðana og markaðrar stefnu stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, á afkomu heimila og launafólks.

Vinnuhópurinn er skipaður fulltrúum þeirra sjö sem að Samstarfsnefndinni standa. Með hópnunum starfar starfsmaður í hlutastarfi auk þess sem fjármála- og efnahagsráðuneytið, Seðlabanki Íslands og Hagstofa Íslands munu veita aðstoð og upplýsingar eftir því sem þurfa þykir.

Samstarfsnefndin mun greiða götu þess að vinnuhópurinn fái öll þau gögn sem hann telur sig þurfa til starfsins. Sumt kann að varða trúnað og skal tekið tillit til þess í starfinu.

Greinargerð vinnuhópsins er unnin fyrir Samstarfsnefndina og verður hún hluta af skýrslu nefndarinnar um efnahagslegar forsendur kjarasamninga þar sem lagt

er mat á ástand og horfur í efnahagsmálum og á vinnumarkaði til undirbúningskjarasamninga.

Hópurinn tekur strax til starfa og miðar starf sitt við það að í október 2013 liggi fyrstu niðurstöður hennar fyrir.

Í hópinn eru eftirtaldir tilnefndir:

- Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, fulltrúi BSRB,
- Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur, fulltrúi ASÍ,
- Georg Brynjarsson, hagfræðingur, fulltrúi BHM,
- Oddur Jakobsson, hagfræðingur, fulltrúi KÍ,
- Hannes G. Sigurðsson, hagfræðingur, fulltrúi SA, sem jafnframt leiðir hópinn,
- Benedikt Valsson, hagfræðingur, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og
- Tómas Brynjólfsson, hagfræðingur, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðherra.

